



Fremsta frjálsípróttafólk landsins atti kappi á Meistaramóti Íslands um helgina. Langstökk kvenna var ein sterkasta greinin á mótinu í ár og voru mikilfenglegir taktar sýndir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Segir áherslur félaganna einkennilegar

Ferðamálaráðherra hefur áhyggjur af stöðunni sem upp er komin í deilu fjögurra verkalyðsfélaga við SA. Það skjóti skökku við að aðilar virðist ekki vissir um hvert þrætueplið sé.

**KJARAMÁL** Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamálaráðherra telur einkennilegt að fyrirhuguð verkföll í kjaradeilu Eflingar, VR, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Grindavíkur við Samtök atvinnu-

lífsins (SA) eigi að bitna á þeirri atvinnugrein sem skapað hafi hvað flest störf undanfarin ár.

Í næstu viku hefst innan Eflingar atkvæðagreiðsla meðal starfsmanna á veitingahúsum, á hótelum og ræstingastarfsfólks um hvort boða eigi til sólarhringsverkfalls 8. mars. Áðurnefnd fjögur félög slitu formlega viðræðum við SA í liðinni viku.

„Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem skiptir lífskjör þjóðarinnar miklu máli. Undanfarin ár hefur hún skapað hvað flest störf, vaxið hratt og afkoma hennar hefur mikil áhrif á samfélagið,“ segir Þórdís.

Ráðherrann segir að tímasetning deilunnar sé sérstaklega slæm. Úr röðum greinarinnar heyrast

áhyggjuraddir yfir því hvaða áhrif verkföll kynnu að hafa og fyrirspurnir hafa borist frá viðskiptavinum erlendis, helst stórum ferðaskrifstofum, um hvert líklegt framhald verði.

„Afkoma ferðaþjónustunnar hefur verið að versna þótt fjöldi ferðamanna hafi aukist. Greinin er mannaflafrek og launagreiðslur stærstur hluti rekstrarkostnaðar,“ segir Þórdís.

Þórdís tekur einnig undir orð fjármálaráðherra sem féllu á Sprengisandi í gær og segir það skjóta skökku við að viðræðurnar séu komnar á þennan stað án þess að forsendur deilunnar virðist liggja fyrir.

**Afkoma ferðaþjónustunnar hefur verið að versna þótt fjöldi ferðamanna hafi aukist.**

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamálaráðherra



„Það er verkefni aðila vinnu- og aðrarins að leysa þetta og ég óska þeim góðs gengis og vona að þeim takist að greiða úr þessari flóknu stöðu. Á hinu tapa allir,“ segir Þórdís.

„Það eru um 700 manns sem munu taka þátt í vinnustöðvuninni þann 8. mars verði hún samþykkt. Í þessum hópi er meirihlutinn konur af erlendum uppruna sem eru að vinna líkamlega erfiða vinnu á smáarlaunum,“ segir Sólveig Anna. „Ástæða þess að þessi starfsstétt er valin er að hér er um að ræða jaðarsettasta hópinn á lélegustu launum í grein sem hefur skilað miklum hagnaði síðustu ár. Þær tekjur hafa ekki runnið í vasa þeirra sem vinna vinnuna.“

„Það er líka táknrænt að vinnustöðvunin fari fram þann 8. mars á alþjóðlegum baráttudegi verkakvenna,“ bætir Sólveig Anna við.

– jóe / sjá síðu 4

### Kerfið refsir fórnarlömbum

**LÖGREGLUMÁL** „Einu fórnarlömb mansals sem ég hef rekist á í mínum störfum eru umsvifalaust sett í gæsluvarðhald, helst einangrun, áður en þau eru dæmd í fangelsi. Að



Páll Rúnar M. Kristjánsson lögmaður.

afplánum lokinni er þeim svo hent úr landi,“ segir Páll Rúnar M. Kristjánsson lögmaður. Páll Rúnar segir lögregluna þurfa að líta í eigin barm vegna þolenda mansals sem litið er á sem sakamenn í refsivörslukerfinu. – áá / sjá síðu 8

#### Fréttablaðið í dag

Halldór



**SKOÐUN** Guðmundur Steingrímsson skrifar um kjaramálin og fordóma. **11**

**SPORT** Hafðís Sigurðardóttir er á leiðinni á EM um næstu helgi. **12**

**TÍMAMÓT** Ætla að gera Djúpa- vög að glaðasta sveitarfélagi landsins. **16**

**LÍFID** Vinkonur féllu fyrir floti og bjóða öðrum að fljóta með. **22**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils

Actavis

Öskudags- búningar!



Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534



AUSTURBÆR VIÐBURÐAHÚS

ALLT AÐ 500 GESTA BORDHALD

1.000 GESTA STANDANDI VEISSLUR



518 4000 / info@tales.is



## Veður



Suðaustan 10-18. Hægari um landið A-vert. Rigning V-lands, annars þurr. **SJÁ SIÐU 18**



Radisson Blu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Viðbúnaður í miðborginni

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stóð í umfangsmiklum aðgerðum í miðborginni í gær eftir að maður í annarlegu ástandi viðhafði ógnandi tilburði á Radisson Blu við Pósthússtræti. Lögreglan naut liðsinnis sérveitar Ríkislögreglustjóra á vettvangi.

Maðurinn flúði af vettvangi. Lögregla hafði hendur í hári hans á veitingastað skammt frá. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu hefur maðurinn áður komið við sögu lögreglu og gistir nú fangageymslu og verður yfirheyrður í dag. –jt

## Karlar tæmdu blómabúðirnar



Karlpeningur landsins hópaðist út úr húsi í gær og inn í næstu blómabúð. Konudagurinn, fyrsti dagur góu, var í gær og eiginmenn, synir, tengdasynir og fleiri karlar á öllum aldri tryggðu sér rósin til handa sínum nánustu. Í Reykjavíkurbólum var margt um manninn og mikið að gera. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Guðlaugur og Coveney funda um Jón Þröst

**ÍRLAND** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra fundar í dag með Simon Coveney, utanríkis- og viðskiptaráðherra Írlands, vegna hvarfs Jóns Þrastar Jónssonar. Guðlaugur Þór segir í samtali við Fréttablaðið að fundurinn með Coveney hafi verið löngu ákveðinn vegna málefna Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna. Guðlaugur Þór hefur þó óskað eftir að fá að ræða einnig mál Jóns við ráðherrann.

Umfangsmikil leit að Jóni Þrösti í Dyflinni bar ekki árangur um helgina. Aðstandendur Jóns Þrastar skipulögðu leitina en þeir nutu liðsinnis fjölda írskra sjálfboðaliða. Aðstandendurnir hafa sagt að nýjar vísbendingar um hvarfið hafi fundist og



Guðlaugur Þór Þórðarson.

hafi þeim verið komið til írsku lögreglunnar. Síðast sást til Jóns Þrastar fyrir utan hótél sitt í Dyflinni um klukkan 11.00 þann 9. febrúar.

„Ég taldi mikilvægt að nýta tækifærið þegar ég hitti ráðherrann,“ segir Guðlaugur Þór. „Ég veit að hann er vel upplýstur og meira en tilbúinn til að ræða þessi mál. Vonandi verður eitthvað búið að gerast fyrir þann tíma.“

Aðspurður hvort hann muni þrýsta á að björgunarsveitir á Írlandi hefji formlega leit segir Guðlaugur: „Þetta er eitthvað sem við munum fara yfir. Þetta er á forræði Íra, en þeir hafa tekið vel í allar okkar málaleitanir.“ –la

## TikTok slær í gegn en er notað til eineltis

Grunnskólanemendur víða um land nota kínverska smáforritið TikTok til að leggja hvert annað í einelti. Kári Sigurðsson, sem frætt hefur ungmenni um samskipti síðastliðin sex ár, segir einelti meira falið í dag en áður.

**SAMFÉLAG** Nýtt smáforrit hefur gert vart við sig í grunnskólum landsins og dæmi eru um að það sé notað til að leggja börn í einelti. Forritið er kínverskt og heitir TikTok. Það gengur út á að búa til nokkurra sekúndna tónlistarmyndbönd þar sem notandinn tekur saman myndbandsklippur, syngur með og bætir við tæknibrellum. TikTok er ný útgáfa af smáforritinu Musical.ly sem naut fádæma vinsælda um allan heim fyrir nokkrum árum.

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, segir smáforritið ekki einskorðast við íslenska skóla og rætt hafi verið sérstaklega um TikTok á samevrópskum vettvangi Insafe nú í vetur. „Þetta app hefur verið mjög vinsælt í einhvern tíma. Fyrst sem Musical.ly, nú sem TikTok. Þetta eru órstutt myndbönd, svo er hægt að senda skilaboð. Um leið og það er hægt að nota smáforrit til að hafa samskipti þá er alltaf hætt á að þau séu líka notuð til leiðinlegra samskipta,“ segir Hrefna. „Ef það er eitthvað misgott í gangi í hópum þá er þetta ein leið til að halda áfram að vera með neikvæð samskipti.“

Kári Sigurðsson, aðstoðarforstjórnarmaður félagsmiðstöðvarinnar Hólmasels, hefur unnið að því síðustu fimm ár að fræða ungmenni um virðingu á samfélagsmiðlum. Hann hefur orðið var við umræðu meðal barna og unglunga um TikTok. Er það upplifun hans að yngri aldurshópar, þá ungmenni á aldrinum 10 til 13 ára, noti smáforrit á borð við TikTok til að leggja aðra í einelti. Unglingar noti hins vegar Snapchat og Instagram, þar sem þau forrit eru hvað vinsælust.



Smáforritið TikTok hefur slegið í gegn víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

●● Þetta er voðalega krúttlegt forrit þegar maður skoðar það fyrst.

Kári Sigurðsson, aðstoðarforstjórnarmaður félagsmiðstöðvarinnar Hólmasels



Svona lítur smáforritið TikTok út.

sem ýmiss konar viðbjóður grasserar.

„Þetta er voðalega krúttlegt forrit þegar maður skoðar það fyrst, það er síðan hægt að stilla það á ýmsa vegu,“ segir Kári um TikTok.

Hann segir flest ungmenni haga sér vel í samskiptum, en vandinn sé sá að einelti í dag er mun meira falið en það var. „Það er ekki lengur jafn áþreifanlegt, það fer nú að miklu leyti fram í gegnum samfélagsmiðlana. Oft inni í lokuðum hópum þar

Hrefna segir mikilvægt að kenna börnum gagnrýna hugsun og að setja sig í spor annarra. „Það er mikilvægt fyrir foreldra að vita hvaða öpp eru í gangi og hvað er hægt að gera með þeim. Besta leiðin til þess er að prófa sjálfur. Appið er ekki vandamálið, það er hegðunin. Það kemur alltaf nýtt app og því farsælast að reyna að komast fyrir röt vandans.“ [arib@frettabladid.is](mailto:arib@frettabladid.is)

# Simaveski.is



Símaveski, heyrnartól, snúrur og allt fyrir símann.

Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind



# 21 ÁRS AFMÆLI

25.02 – 03.03

ALLT AÐ  
**-70%**  
AFSLÁTTUR

**5.6"**

**SKJÁR:**  
Super AMOLED  
1080x2220  
Gorilla Glass

**MYNDAVÉL:**  
Bakmyndavél:  
16MP f/1.7 og Dual  
frammyndavél:  
16MP+8MP  
f/1.9 1080p

**ÖRGJÖRVI:**  
2x4 kjarna  
1.6+2.2GHz

**GEYMSLA:**  
32GB,  
mínnskortarauf

**VINNSLUMINNI:**  
4GB



**-30%**

AÐEINS  
30 STK.

ÁÐUR: 49.985

**34.995**

**SAMSUNG  
GALAXY A8**

SAMA8GY SAMA8GO SAMA8BK



**-50%**

AÐEINS  
100 STK.

ÁÐUR: 4.995

**2.495**

**PS4  
PIRANHA HP40 LEIKJAHEYRNARTÓL**

• PS4 heyrnartól með 40 mm hljóðgjöfum  
PS4P397076



AÐEINS  
40 STK.

TILBOÐSVERÐ:

**49.995**

EÐA 4.702 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. VAXTAL. KORTALÁN - ALLS 56.425 KR. ÁHK 23,83%

**KITCHENAID  
CLASSIC HRÆRIVÉL**

• 240W vél með 10 hraðabrep  
• 4,3L skál úr ryðfríu stáli  
5K45SSEWH



AÐEINS  
150 STK.

**-10%**

ÁÐUR: 54.995

**49.496**

EÐA 4.659 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. VAXTAL. KORTALÁN - ALLS 55.908 KR. - ÁHK 24,01%

**SONY  
PLAYSTATION 4 SLIM - 1TB OG RED DEAD REDEMPTION II**

• Dual-Shock 4 stýripinni  
• 1 TB harður diskur  
• HDMI snúra fylgir  
PS41TBRDR2



**-26%**

AÐEINS  
30 STK.

ÁÐUR: 189.995

**139.995**

EÐA 12.465 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. VAXTAL. KORTALÁN - ALLS 149.575 KR. - ÁHK 12,31%

**49"**

SUHD HDR  
3840x2160

WebOS 4.0  
Netflix

4x HDMI  
3xUSB  
Bluetooth

40W  
hátalarar

**LG  
49" OG 55" SUHD SNJALLSJÓNVARP**

49SK8500 55SK8500

ELKO MÆLIR MEÐ

**BURSTAÐU BETUR**



AÐEINS  
100 STK.

**-40%**

ÁÐUR: 8.990

**5.395**

**BRAUN X ORAL B  
PRO 750 RAFMAGNSTANNBURSTI**

• Rafmagnstannbursti með 3D tækni  
• Fjarlægir allt að 100% meira en venjulegur tannbursti  
• Tímamælir sem fær þig til að bursta í réttan tíma  
PRO750BLACK PRO750PINK

**ELKO**





## Segir ræstingafólk tilbúið í aðgerðir

**KJARAMÁL** „Eins og ég sé stöðuna þurfa atvinnurekendur að finna fyrir þrýstingi, og finna fyrir því að við munum gera allt í okkar valdi til að breyta stöðunni,“ segir Zsófia Sidlovits, ræstingafólk á Hótel Borg og Apóteki hóteli.

Zsófia er ein af um 700 liðsmönnum Eflingar stéttarfélags sem starfa við þríf, hreingerningar og frágang herbergja sem munu að líkindum leggja niður störf tímabundið 8. mars næstkomandi. Atkvæða-

greiðsla um vinnustöðvun hefst í dag. „Ég vonast innilega til þess að tillagan verði samþykkt,“ segir hún. Zsófia er ungversk og flutti til Íslands fyrir þremur árum. Hún vinnur við ræstingar á tveimur stórum hótelum og er trúnaðarmaður Eflingar á báðum vinnustöðum. Hún segir reynslu sína af því að starfa á Íslandi skelfilega, einmitt vegna þeirra aðstæðna sem hún berst nú fyrir að verði leiðrétta.

„Ég hef verið gagnrýnd af skrif-

stofustarfsfólki fyrir að taka þátt í Eflingu. Þau eru tengd stjórnendum og virðast ekki vilja sjá hvað er að gerast í samfélaginu,“ segir Zsófia. „Ég held að það sé gjá á milli skrifstofufólksins og okkar.“

Aðspurð hvort samstarfsfólk hennar sé sama sinnis og hún segir Zsófia að svo sé. „Ræstingafólk hefur verið reitt í langan tíma. Það hefur ekkert breyst, hvorki aðstæðurnar né tilfinningar fólksins,“ segir hún. –jt, kh



Zsófia Sidlovits, ræstingafólk og trúnaðarmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Vísar orðum til föðurhúsanna

**KJARAMÁL** „Svo ég spari nú stóru orðin þá vísa ég þessum ummælum til föðurhúsanna,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, um þau orð Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra að samningsaðilar í kjaradeilu fjögurra verkafélaga og Samtaka atvinnulífsins (SA) séu ekki sammála um hvað þeir séu að deila um.

Ragnar Þór segir að það sem gert hafi útslagið hafi verið gagntilboð SA og skattabreytingatillögur ríkisstjórnarinnar. Hið fyrrnefnda hafi í raun falið í sér kaupmáttarrýrnun fyrir félagsmenn verkafélaga og hið síðarnefnda nái til skatttröppunnar allrar en hafi ekki beinst sérstaklega að þeim sem verstu kjörin hafa.

„Þetta er prinsippmál. Þú verður að praktisera það sem þú predikar svo ég sletti aðeins,“ segir Ragnar Þór. „Þegar þú segir lýðnum að það sé kulnun og niðursveifla í hagkerfinu þá hækkaðu ekki laun stjórnanda ríkisbanka um rúm 80 prósent, tekur ekki við 35 prósentu hækkun frá kjararáði og ætlast svo til að starfsfólk sætti sig við 2,5 prósent.“

Formaðurinn segir að staðan sem komin sé upp sé gríðarlega dapurleg og flókin. Því verði hins vegar ekki kennt um að verkafélögin hafi ekki reynt eða ekki vilja ná samkomulagi. „Það er málflutningur sem stenst enga skoðun og tilboðin á borðinu segja aðra sögu,“ segir Ragnar Þór. –jóe

# Ekki einsdæmi að félög deili sjóðum í verkfallsaðgerðum

Sú hugmynd samflotsstéttarfélaganna fjögurra að standa sameiginlega undir kostnaði við hugsanlegar verkfallsaðgerðir er ekki einsdæmi. Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, segir þetta hafa verið gert áður, síðast í aðgerðum í álverinu í Straumsvík. VR og Efling leggja til um sjö milljarða sjóði.

**KJARAMÁL** „Það eru til fordæmi fyrir því að stéttarfélög deili með sér kostnaði vegna verkfalla. Síðasta dæmi um slíkt eru verkföll í álverinu í Straumsvík,“ segir Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR. Efasemdir hafa verið uppi um hvort heimild sé innan hvers samflotsfélaganna fjögurra að standa sameiginlega undir kostnaði vegna verkfalla.

Forsvarsmenn verkafélaga hafa viðræð hugmyndir sínar um skipulögð skærverkföll minni hópa ef kemur til verkfallsaðgerða líkt og nú stefnir í. Félögin hafa talað um að standa sameiginlega undir kostnaði vegna þessara verkfalla úr verkfallssjóðum sínum. Þannig að ef senda á tiltekinn hóp félagsmanna Eflingar í verkfall muni öll félögin taka þátt í kostnaðinum, hlutfallslega eftir stærð þeirra, við að láta viðkomandi félagsmenn halda fullum launum.

Ljóst er þá að mikið mun mæða á verkfallssjóði stærsta félagsins, VR, sem samkvæmt síðasta ársreikningi stóð í 3,6 milljörðum króna en er í dag líklega nær fjórum milljörðum og riflega það ef marka má ummæli formanns VR í síðustu viku um sjóðinn sem er í stýringu hjá Kviku banka. Sjóður Eflingar, næststærsta stéttarfélagsins, stóð í í tæpum 2,7 milljörðum króna samkvæmt síðasta ársreikningi en hefur vafalaust vaxið síðan þá. Áætla má því að stóru félögin leggi til um og yfir sjö milljarða í dögum verkfallssjóðum sínum.

Aðspurður um fordæmi þessa að verkfallssjóðum mismunandi



Stéttarfélagin fjögur, Verkafélag Grindavíkur, Verkafélag Akraness, VR og Efling, vilja deila kostnaði vegna verkfallsaðgerða og tryggja þeim hópi sem leggja mun niður störf hverju sinni full laun. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Síðasta dæmið um slíkt eru verkföll í álverinu í Straumsvík.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR



félaga sé deilt með þessum hætti jánkar Stefán því og vísar til verkfallsaðgerða í Straumsvík. „Þar sem starfsmenn við upp- og útskipun fóru í verkfall fyrir alla starfsmenn í Straumsvík. Kostnaði var deilt á milli stéttarféлага sem eru með samning við álverid í Straumsvík.“

Samflotsfélagin fjögur, VR, Efling, Verkafélag Akraness og Verkafélag Grindavíkur, lýstu á fimmtudag viðræðum við Sam-

tök atvinnulífsins hjá Ríkissáttasemjara sem árangurslausum og var þeim slitið.

Í dag, klukkan 10.00, hefst atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hjá ræstingafólki sem sér um þríf, hreingerningar og frágang á hótelum og gististöðum. Verði vinnustöðvunin samþykkt hefst verkfall að morgni 8. mars og stendur til miðnætis sama dag. [mikael@frettabladid.is](mailto:mikael@frettabladid.is)

## FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

## JEEP GRAND CHEROKEE TRAILHAWK ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

### FÁANLEGUR MEÐ 33" EÐA 35" BREYTINGU

STAÐALBÚNAÐUR M.A.: DÍSEL 3.0L V6 250 HÖ, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING, HÁTT OG LÁGT DRIF, DRIFLÆSING AÐ AFTAN. LOFTPÚÐAFJÓÐRUN, HITI OG KÆLING Í FRAMSÆTUM, HITI Í STÝRI, RAFDRIFINN AFTURHLERI, ÍSLENSKT LEIÐSÖGUKERFI.

TRAILHAWK VERÐ 10.990.000 KR.

LAREDO VERÐ 9.990.000 KR



33" BREYTTUR





# STÓLADAGAR

**25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STÓLUM!**



HEADPOINT  
VERÐ NÚ

**56.900 KR.**



ERGO MEDIC 100-3  
VERÐ NÚ

**136.900 KR.**



W70 FUNDARSTÓLL  
VERÐ NÚ

**79.900 KR.**



CUBE FUNDARSTÓLL  
VERÐ NÚ

**42.900 KR.**

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 [www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)



VESTA  
VERÐ NÚ

**16.900 KR.**



CAFÉ VII  
VERÐ NÚ

**18.900 KR.**



STYL VISITOR  
VERÐ NÚ

**9.900 KR.**



CALADO  
VERÐ NÚ

**18.900 KR.**



# STÓRLÆKKAÐ VERÐ Í FEBRÚAR

ALLT AÐ **85%** LÁNSHLUTFALL **ergo** ➔

**50%** AFSLÁTTUR AF LÁNTÖKUGJÖLDUM

440.000 kr. AFSLÁTTUR



**KIA**

Sportage GT Line

Árgerð 2017, ekinn 27 þús. km, bensín, 177 hó, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð áður: 5.190.000 kr.

Verð nú **4.750.000 kr.**

Útborgun frá 715 þ. kr.

360.000 kr. AFSLÁTTUR



**KIA**

cee'd LX

Árgerð 2017, ekinn 65 þús. km, dísil, 90 hó, beinskíptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 2.250.000 kr.

Verð nú **1.890.000 kr.**

Útborgun frá 290 þ. kr.

500.000 kr. AFSLÁTTUR



**MITSUBISHI**

Pajero

Árgerð 2012, ekinn 163 þús. km, dísil, 200 hó, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð áður: 3.690.000 kr.

Verð nú **3.190.000 kr.**

Útborgun frá 480 þ. kr.

200.000 kr. AFSLÁTTUR



**KIA**

Picanto LX

Árgerð 2015, ekinn 49 þús. km, bensín, 66 hó, beinskíptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 1.290.000 kr.

Verð nú **1.090.000 kr.**

Útborgun frá 165 þ. kr.

500.000 kr. AFSLÁTTUR



**MERCEDES-BENZ**

A-Class 180

Árgerð 2017, ekinn 16 þús. km, dísil, 123 hó, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 4.190.000 kr.

Verð nú **3.690.000 kr.**

Útborgun frá 555 þ. kr.

250.000 kr. AFSLÁTTUR



**KIA**

Soul EX

Árgerð 2017, ekinn 50 þús. km, dísil, 136 hó, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 2.640.000 kr.

Verð nú **2.390.000 kr.**

Útborgun frá 360 þ. kr.

500.000 kr. AFSLÁTTUR



**KIA**

Optima SW

Árgerð 2017, ekinn 82 þús. km, dísil, 142 hó, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 3.690.000 kr.

Verð nú **3.190.000 kr.**

Útborgun frá 480 þ. kr.

300.000 kr. AFSLÁTTUR



**SUBARU**

Forester Premium

Árgerð 2017, ekinn 57 þús. km, bensín, 150 hó, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð áður: 3.890.000 kr.

Verð nú **3.590.000 kr.**

Útborgun frá 540 þ. kr.

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsáttarvillum og myndarugli



**NOTADIR  
BÍLAR**

ASKJA

Opið:  
Fim-Fös 10-18  
Laugardag 12-16

Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík • 590 2160 • notadir.is

# Ísland sé feimið við að tryggja rétt fatlaðra

Öryrkjabandalag Íslands gagnrýnir orð dómsmálaráðherra um valkvæða bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Bókunin sé alls ekki tilgangslaus líkt og ráðherra hélt fram í svari við fyrirspurn á þingi.

**ALÞINGI** Íslenska ríkið virðist feimið við að skuldbinda sig til að tryggja fötludum jafnan rétt á við aðra að mati lögmanns hjá Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ). Nauðsynlegt sé að taka sig á til að tryggja eitt samfélag fyrir alla.

Í september 2016 samþykkti Alþingi einróma þingsályktun um heimild handa ríkisstjórninni til að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um réttindi fatlaðs fólks. Þá ályktaði þingið enn fremur um skyldu til að fullgilda valkvæðan viðauka við samninginn fyrir árslok 2017. Viðaukinn felur í sér leið fyrir einstaklinga til að kvarta til nefndar SÞ um réttindi fatlaðs fólks telji það á sér brotið. Einnig getur nefndin rannsakað alvarleg eða kerfisbundin brot gegn samningnum samþykki ríkið það.

Í fyrirspurnatíma á þingi síðastliðinn mánudag spurði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, hví ekki væri búið að fullgilda bókunina líkt og þingsályktunin kveður á um.

Til andsvara var Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra en hún var meðal þingmanna sem samþykktu ályktunina árið 2016. Í svari sínu sagði ráðherrann að þingsályktunartillögur fái aðra meðferð en lagafrumvörp á þingi og að ekki væri búið að kostnaðarmeta hana.

„Fyrir nokkrum árum ályktaði Alþingi að valkvæði viðaukinn skyldi einnig fullgiltur en við nánari eftirgrenslnan kemur í ljós að þessi samningur er ekki bara tilgangslaus heldur segir í þingsályktuninni að hann feli ekki í sér ný réttindi til fatlaðs fólks heldur feli í sér að erlend eftirlitsnefnd hagsmunaaðila muni skera úr um stöðu þeirra sem skjóta máli sínu til nefndarinnar,“



Ummæli dómsmálaráðherra fóru öfugt ofan í ÖBÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Sá sem hefur ekkert að fela er ekki feiminn við eftirlit. Alþjóðasamfélagið sér auðveldlega í gegnum þetta.**

Sigurjón Unnar Sveinsson, lögmaður hjá ÖBÍ



úrlausnir MDE ekki bindandi að íslenskum landsrétti.

„Samningurinn felur ekki í sér nein sérrettindi fatlaðs fólks en á að tryggja að fatlað fólk njóti réttar síns til jafns við aðra. Viðaukinn felur í sér einstaklingsbundna samskiptaleið, þegar fólk telur að á sér hafi verið brotið. Þessi samskiptaleið hefur reynst fólki vel, til dæmis þurftu Svíar að taka í gegn alla sína byggingarlöggjöf í kjölfar fyrsta málsins sem fór fyrir nefndina. Orð ráðherra um að bókunin sé öþörf felur í raun í sér vanvirðingu við bókunina sjálfa. Það er ástæða fyrir því að hún er til,“ segir Sigurjón Unnar Sveinsson, lögmaður hjá ÖBÍ.

Ísland hafi yfirleitt tekið sér langan tíma í að verða aðilar að alþjóðasamningum og bókunum á þessu sviði og einhverrar feimni virðist gæta. „Sá sem hefur ekkert að fela er ekki feiminn við eftirlit. Alþjóðasamfélagið sér auðveldlega í gegnum þetta,“ segir Sigurjón. [joli@frettabladid.is](mailto:joli@frettabladid.is)

## Bað um og fékk breytingar á reglugerð

**SJÁVARÚTVEGUR** Tölvupóstur sem Kristján Loftsson, eigandi Hvals hf., sendi Kristjáni Þór Júlíussyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, þann 15. maí 2018 sýnir að forstjórinn óskaði eftir því að ráðherrann myndi breyta reglugerð um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum. Þremur mánuðum seinna skrifaði ráðherra undir breytingu á reglugerðinni þar sem felld var niður sú kvöð að Hvalur hf. þyrfti að skera hval á yfirbyggðum skurðarfleti.

Fréttablaðið sagði frá því í ágúst síðastliðnum að reglum um hvalskurð hafi aldrei verið fylgt. Árið 2009 tók gildi reglugerð um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum. Í henni var kveðið á um að hvalskurður skuli hefjast um leið og hvalur er kominn á land og að skurðarflöturinn skuli vera innandyra. Það ákvæði kom þó ekki til áhrifa fyrr en ári seinna, árið 2010.

„Sæll Kristján Þór, Mér þykir leitt að þurfa að hvabba [sic] á þér vegna eftirfarandi.“ Svo hefst bréf forstjórans til ráðherra málaflökksins. Kristján Loftsson benti nafna sínum á í bréfinu að það þyrfti að laga reglugerðina að hans mati. „Eins og þetta er í pottinn búið tel ég vonlaust að sækja um vinnsluleyfi fyrir komandi vertíð með reglugerðina óbreytta. Visa ég þar sérstaklega til 10 [sic] gr. reglugerðarinnar,“ stendur í bréfi forstjórans. Sú grein reglugerðarinnar innihélt meðal annars



Samþykkt var fimm ára framlenging á hvalveiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

þá kvöð að fyrirtækið ætti að skera hval á yfirbyggðum skurðarfleti. Sigurgeir Þorgeirsson, sérfræðingur hjá atvinnuvegaráðuneytinu, fékk einnig afrit af þessum pósti.

Kristján Loftsson sendi með tölvupóstinum tillögur sínar um breytingar á reglugerðinni. „Einnig set ég sem viðhengi reglugerðina Nr. 489 frá 28. maí 2009, en þar hef

ég sett inn breytingar þær, sem ég fer fram á að verði gerðar með rauðu,“ segir í bréfinu.

Þær breytingar sem gerðar voru ríma margar hverjar við breytingartillögur Kristjáns Loftssonar. Í síðustu viku samþykkti Kristján Þór að leyfa fyrirtækinu að veiða hvali í fimm ár til viðbótar.

[sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)



# Þegar stólar vega þyngra en stefna

Nú ríkir sorg í hjarta kjósenda Vinstri grænna. Hvar eru stefnumál og samþykktir flokksins í hvalveiðimálum komin? Getur grasrótin og fylgismenn treyst forystunni lengur? Varla!

„Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Selfossi 23.-25. október 2015, leggst eindregið gegn hvalveiðum við Íslandsstrendur. Við veiðarnar er beitt ómannúðlegum veiðiaðferðum til að viðhalda áhugamáli örfárra útgerðarmanna. Háum upphæðum af opinberu fé hefur verið kastað á glæ til að styrkja þessa áhugamenn um hvalveiðar. Nú er mál að linni“.

Þetta er úr landsfundarályktunum Vinstri grænna 2015.

Vinstri grænir komust svo til valda, með forsætisráðherra, umhverfisráðherra og heilbrigðisráðherra í nýrri ríkisstjórn, auk 9 annarra þingmanna, í nóvember 2017.

Vorið 2018 kom upp umræða um það, hvort langreyðaveiðheimildir, sem Sigurður Ingi Jóhannsson, þá sjávar- og landbúnaðarráðherra, hafði veitt til fimm ára 2013, skyldu gilda líka fyrir það ár.

Hvalur hf hafði þá ekki getað nýtt veiðiheimplundir í 2 ár vegna vanda við að selja afurðirnar, enda banna langflestar þjóðir heims verzlun með langreyðaafurðir svo og flutning á þeim í lögsögu sinni. Bæði Samskip og Eimskip neita að flytja hvalkjöt.

Þegar á það reyndi, hvort reglugerðin skyldi gilda líka fyrir 2018, í stað þess, að henni væri breytt, eins og oft hefur gerzt við stjórnarskipti, sagði Katrín Jakobsdóttir á Alþingi, flestum til mikillar undrunar, að það væri ruglingslegt fyrir stjórnarsýsluna, ef reglugerðum, sem væru í gildi, væri breytt. Skyldi hún standa.

Vonir stóðu þó til, að forsætisráðherra hefði samið svo við veiðiglaða Sjálfstæðis- og Framsóknarmenn, sem ekki eru undir miklu álagi af löngun eða hneigð til dýra-, náttúru- og umhverfisverndar - ef þeir vita, hvað það er – að með þessari málamiðlun yrði langreyðavertíðin 2018 sú síðasta; lokin á því hrikalega dýraníði, sem veiðar byggja á, svo og á frekari skemmdum á vörumerkinu ÍSLAND, sem er það dýmætasta, sem við eigum.

Það var því mikið áfall nú í vikunni, að fá staðfestingu á því, að ríkisstjórnin, undir forsæti Vinstri grænna, hefði lagt blessun sína yfir, að sjávar- og landbúnaðarráðherra, Kristján Þór Júlíusson, skyldi veita Hval hf nýtt leyfi til langreyðaveiða, og það til fimm ára.

Eru Íslendingar með þessu eina þjóð veraldar, sem veiðir langreyði (stórhveli), næst stærsta spendýr veraldar, en hinar tvær hvalveiðiþjóðirnar, Norðmenn og Japanir, veiða eingöngu hrefnu (smáhveli).

Skv. Gallup-könnun okkar frá í nóvember sl., hefur meirihluti Íslendinga nú loks áttað sig á, hvíllt heiftarlegt dýraníð hvalveiðar eru, eins á því, að tilgangur með þeim er enginn, en Hvalur hf hefur verið rekinn með tapi um langt árabíl, og síðast en ekki sízt, hversu illa þetta dráp okkar á „hinum friðsömu risum úthafanna“ fer í milljónir manna um allan heim, en því fylgir auðvitað hætta fyrir útflutning og ferðamenn.

**Forsætisráðherra, aðrir ráðherrar og þingmenn Vinstri grænna geta enn leiðrétt mistök sín og svik við eigin samþykktir og málstað, með því að berja í borðið og krefjast þess, að nýveitt langreyða veiðileyfi verði afturkölluð.**

Væri manndómur í því, og mætti þá nokkuð bæta fyrir þann stórfellda skaða, sem ímynd Vinstri grænna hefur orðið fyrir, og leiðrétt herfileg mistök leiðtoga flokksins; undanlátssemi og svik við málstaðinn.

Ef Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn vilja slíta ríkisstjórninni vegna veiðifirru og þráhyggju eins manns, Kristjáns Loftssonar, gegn þjóðarhagsmunum, þá yrðu þeir að taka þá vanvirðu og skömm á sig, sem færi þá með þeim inn í sögubækurnar.

Að lokum þetta: Sjávarútvegsráðherra fullyrðir, að þessi nýju veiðileyfi séu veitt á grundvelli ráðgjafar frá Hafrannsóknastofnun. Gefur þannig í skyn, að Hafró hafi ráðlagt honum að veita þessi veiðileyfi.

Hér hagræðir ráðherra sannleikanum harkalega. Hafrannsóknastofnun veitir ekki ráðgjöf um, hvort veiða skuli, heldur aðeins um það, hversu mikið skuli veiða, ef veiða skuli. Hafrannsóknastofnun mælir hvoki með eða á móti veiðum. Ráðleggur aðeins um magn veiða, gerir tillögu að stærð veiðikvóta, ef ráðherra vill láta veiða.

JARÐARVINIR

Ole Anton Bieltvedt,  
formaður





Frá Banglades. NORDICPHOTOS/GETTY

## Skotinn til bana eftir flugránstíraun

**BANGLADESS** Flugvél Bangladesh Airlines á leið til Dubai var nauðlent í hafnarborginni Chittagong í Banglades eftir að farþegi gerði tíraun til flugráns. Sérsvéit lögreglu yfirvalda í Banglades var kölluð á vettvang á flugvælinum í Chittagong en liðsmenn hennar skutu farþegann til bana þegar atлага var gerð að flugvélinni.

Ekki er vitað hvað manningnum gekk til, en breska ríkisútvarpið hefur eftir miðlum í Banglades að maðurinn hafi sagst vera vopnaður skammbýssu. Tæplega 150 manns voru um borð í flugvélinni.

„Við reyndum að ræða við hann. Við reyndum að fá hann til að gefast upp,“ sagði Motius Rahman hershöfðingi á blaðamannafundi.

Talið er maðurinn hafi átt við andleg veikindi að stríða. Hann hafi óskað eftir því að fá að ræða við forsætisráðherra Banglades og hagað sér grunsamlega. – **khn**

## Bar barnanið saman við mannfórnir

**PÁFAGARÐUR** Frans páfi hét því á ráðstefnu kaþólsku kirkjunnar um barnagirnd í gær að héðan í frá myndi kirkjan taka af festu á málum presta sem brjóta gegn börnum.

Páfi sagði kirkjumenn, sem gerst hafa sekrir um barnanið, vera „töl djöfulsins“. Biskupum hefur nú verið gert að yfirfara regluverk um hvernig tekið er á málum sem þessum.

Þá bar hann barnanið saman við mannfórnir fyrir á öldum, þar sem börnum var oft á tíðum fórnað.

„Ómennskan sem felst í þessum gjörðum verður enn alvarlegri þegar hún á sér stað innan veggja kirkjunnar, vegna þess að hún gengur í berhög við siðferðileg áhrif hennar og trúverðugleika,“ sagði Frans.

Ráðstefnan er sú fyrsta sem kaþólska kirkjan heldur, en rúmlega 130 biskupar og aðrir fulltrúar kirkjunnar sóttu hana. Yfirlyst markmið hennar var að ræða barnanið innan kirkjunnar. – **khn**



Frans páfi.

NORDICPHOTOS/GETTY



Lögmáður sem gætt hefur hagsmuna burðardýra segir skjólstæðinga sína hafa litið upp úr því að aðstoða lögreglu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kerfið refsir þeim sem þolað hafa óbærilegar þjáningar

Lögmáður segir lögreglu þurfa að líta í eigin barm í baráttu gegn mansali. Fórnarlömbum sé refsað með fangelsisvist. Verjandi burðardýra segir skjólstæðinga sína litið hafa upp úr því að aðstoða lögreglu. Lögregla segir lög um mansal ófullkomin. Aðgerðaáætlun gegn mansali er væntanleg á næstu vikum.

**LÖGREGLUMÁL** „Einu fórnarlömb mansals sem ég hef rekist á í mínum störfum eru umsvifalaust sett í gæsluvarðhald, helst einangrun, áður en þau eru dæmd í fangelsi. Að aflánun lokinni er þeim svo hent úr landi,“ segir Páll Rúnar M. Kristjánsson lögmáður og vísar til umræðu um mansal í fréttum að undanförunu. Hann segir áherslu og forgang lögreglu og annarra stjórnvalda á málaflokkinn skjóta skökku við.

Í frétt á Vísi fyrr í mánuðinum sagði Alda Hrónn Jóhannsdóttir, yfirlögfræðingur hjá lögreglunni á Suðurnesjum, að mikilvægt væri að eyða staðalmyndum um þolendur mansals. Páll Rúnar tekur undir þetta en segir lögregluna þurfa að líta í eigin barm vegna þolenda mansals sem litið er á sem sakamenn í refsivörslukerfinu.

„Þetta eru oft konur sem hafa verið neyddar til þess að flytja inn fíkniefni innvortis, margar hverjar hafa auk þess neyðst til að selja líkama sinn með öðrum hætti. Þær eru algerlega á valdi kvalara sinna sem fara með þær eins og hvert annað rusl. Þegar refsivörslukerfi okkar fær þær svo í sínar hendur er upplifun þeirra ekki sú að þeim hafi verið bjargað, heldur þvert á móti,“ segir Páll Rúnar og bætir við: „Nú skal refsa þeim fyrir að þola óbærilegar þjáningar sínar.“

„Þetta er nú langoftast fólk í einhvers konar nauðung, hvort það er mansal þori ég nú ekki að segja, en alltaf svona fólk sem er minni máttar í þjóðfélaginu. Þetta er ekki fólk í góðri stöðu og yfirleitt einhver nauðung sem rekur fólk út í að gera

●● **Þetta eru oft konur sem hafa verið neyddar til þess að flytja inn fíkniefni innvortis, margar hverjar hafa auk þess neyðst til að selja líkama sinn.**

Páll Rúnar M. Kristjánsson lögmáður



svona,“ segir Halldóra Aðalsteinsdóttir, lögmáður á Suðurnesjum, sem gegnt hefur verjendastörfum fyrir mörg burðardýr. Hún segir þennan hóp mjög fjölbreyttan, fólk á öllum aldri og af báðum kynjum.

Hún segir það galla á réttarkerfinu að skjólstæðingar hennar hafi litið sem ekkert upp úr því að veita lögreglu aðstoð við að upplýsa mál með því að gefa upp nöfn skipuleggjenda. „Það er engin hvatning fyrir fólk að vera að hætta lífi sínu til að gefa mikið upp,“ segir Halldóra.

Fréttablaðið skoðaði þá dóma sem fallið hafa í málum burðardýra á undanförunum árum. Athygli vekur að nær undantekningarlaust er um útlendinga að ræða og í nær öllum tilvikum koma þau með fíkniefni til landsins í gegnum Keflavíkurflugvöll.

Í mörgum tilvikum lýsir sakborningurinn neyð sinni og eftir atvikum þvingunum sem beitt var í aðdraganda brotsins. Misjafnt er hvort og með hvaða hætti er vísað til slíkra þvingana í dómi en dæmi eru um að meint nauðung sé virt dómfellda til refsilækkunar. Af því má draga þá ályktun að frásagnir þessar séu teknar trúanlegar.

Í einu tilviki eru átakanlegar lýsingar ákærðrar konu raktar í dómi og því lýst yfir að lýsingar hennar á nauðung séu trúverðugar. Hún var engu að síður sakfelld og dæmd í 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi.

Nánast undantekningarlaust er farið með þessi mál sem játningarmál sem þýðir að viðkomandi jatar við þingfestingu og málið er dómtekið strax án þess að frekari sönnunarfærsla fari fram. Tekið er tillit til skýlausrar játningar við ákvörðun um refsingu en þyngd hennar fer að öðru leyti eftir magni efnisins sem reynt var að flytja inn og styrkleika þess.

Helsta ástæða þess að burðardýr njóta ekki verndar sem þolendur mansals er að mansalsákvæði almennra hegningarlaga nær ekki til innflutnings eiturflyfja heldur einungis til kynferðislegrar misnotkunar, nauðungarvinnu og líffærabrottnáms. Þetta kom fram í máli Öldu Hrannar í samtali við Fréttablaðið fyrir réttu ári en hún hefur lýst þeirri skoðun að ákvæðið þurfi einnig að taka til skipulagðrar glæpastarfsemi til að ná almennilega utan um mansalsvandann.

Verði mansalsákvæðinu breytt með þessum hætti gæti það haft

þau áhrif að þau brot sem þolandinn sjálfur hefur tekið þátt í að fremja verði refsilaus í hans tilviki, rannsókn á mansali í skipulagðri glæpastarfsemi gæti frekar leitt til ákæru og sakfellingar fyrir mansal. Þá fengi þolandinn einnig stöðu brotþola en ekki sakbornings og kynni því að njóta aukinnar verndar, njóti lögregla aðstoðar hans við lausn málsins.

Hjá lögreglu hefur hins vegar efasemdum verið lýst um refsileysi fyrir burðardýr. Um tveggjað sverði geti verið að ræða sem brotamenn kunni að færa sér í nyt með enn meiri misnotkun á fólki í viðkvæmri stöðu.

En þrátt fyrir að mansalsákvæðið sé enn ófullkomið og taki ekki til brotastarfsemi af þessum toga eru til dæmi um að lögregla hafi íhugað að leggja ekki fram ákæru gegn burðardýri vegna aðdragandans að ferð þess til landsins.

Í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins í fyrravetur var leit að eftir afstöðu dómismálaráðherra til breytinga á ákvæðinu. Þau svör fengust úr ráðuneytinu að ákvæðið væri til skodunar og frumvarps gæti verið að vænta á komandi misserum.

Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins í síðustu viku segir að enn standi til að kanna hvort þörf sé á breytingum á löggjöfinni en vinna við gerð áherslna stjórnvalda í aðgerðum gegn mansali hafi verið í forgangi og dómismálaráðherra muni kynna áherslur stjórnvalda í aðgerðum gegn mansali á næstu vikum.

adalheidur@frettabladid.is

## Þrýstingur á Maduro eykst

**VENESÚELA** Juan Guaidó, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Venesúela, kallaði eftir því í gær að alþjóðasamfélagið grípi til allra hugsanlegra aðgerða til að koma sitjandi forseta landsins, Nicolas Maduro, frá völdum.

Guaidó lét ummælin falla eftir að til blóðugra átaka kom á landamærum Venesúela að Kólumbíu og Brasilíu á laugardaginn. Stjórnarandstæðingar freistudu þess að koma neyðargögnum inn í landið

en þegar þeir freistudu þess að fara yfir landamærin brutust út átök milli þeirra og öryggissveita. Tveir létu lífið, þar á meðal 14 ára gamall drengur, og fjöldi særðist að sögn mannréttindasamtaka í Venesúela. Breska ríkisútvarpið greinir frá því að sömu samtök fullyrði að eldur hafi verið borinn að neyðargögnum sem biðu þess að komast í hendur óbreyttra borgara í landinu.

Ljóst er að atburðir helgarinnar eru aðeins til þess fallnir að auka

þrýsting á Maduro forseta. Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Donald Trump Bandaríkjaforseti fordæmdu aðgerðir venesúelsku stjórnarinnar.

Í sama streng tók Federica Mogherini, utanríkisráðgjafi Evrópusambandsins, í gær: „Við höfnum því alfarið að

vopnaðar sveitir séu notaðar til að ögna óbreyttum borgurum og kjörnum fulltrúum sem hafa beitt sér fyrir því að neyðargögn komist inn í landið.“

Yfir 50 lönd hafa lýst stuðningi við Juan Guaidó en hann tilkynnti í síðasta mánuði að hann væri tímabundinn forseti Venesúela. Guaidó

er forseti venesúelska þingsins, en samkvæmt ákvæðum í stjórnarskrá landsins getur þingforseti gengið í störf forseta í fjarveru sitjandi forseta. Stjórnarandstæðan telur þetta ákvæði í gildi þar sem verulegir annmarkar hafi verið á síðustu kosningum.

Guaidó hefur tilkynnt að hann muni sitja fund leiðtoga í rómönsku Ameríku í Bógóta í Kólumbíu í dag, þrátt fyrir að Maduro hafi sett hann í farbann. – **khn**



Juan Guaidó, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Venesúela.



# HOLI

## FIMM RÉTTA HÁTÍÐARSEDILL

21. febrúar til 24. mars

6.990 kr. mán-mið | 7.790 kr. fim-sun

Hariyali lax



Gosht Kalimirchi

Murg Makhani

Aloo Dum Jeera

Naan, hrísgrjón, raitha



Súkkulaðimús

með kókosbarfi



AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ  
HVERFISGÖTU 56, 101 RVK

552-1630

AUSTURINDIA.IS



# Val neytenda



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is

Þegar landsmenn bregða sér til annarra landa sjá þeir iðulega af hverju þeir eru að missa hér á landi í matarúrvali. Sumir ráða ekki við sig þegar þeir sjá allt það sem þar fæst á hagstæðu verði og láta sér ekki nægja að háma í sig erlent kjöt og fleira góðgæti, heldur setja í ferdatöskur sínar til að taka með heim. Um leið rúmar hugurinn ekki alltaf þá hugsun hvort íslensk lög leyfi slíkan flutning. Þessir ferðalangar eiga sér vissar málsbætur og þær helstar að það eru svo mörg furðuleg og skrytín boð og bönn á Íslandi að ekki er alltaf hægt að muna eftir þeim öllum.

Þegar heim kemur eru ýmsir stoppaðir í tollinum með gössið sem er umsvifalaust gert upptækt. Þannig hefur ósoðið kjöt lent í ruslinu í stað þess að rata á borð ferðalangsins. Einhverjir sleppa þó og gæða sér á matvöru sem samkvæmt skilgreiningu íslenskra yfirvalda á að vera þeim hættuleg. Engar sérstakar fréttir berast af því að viðkomandi lögbrjótar, sem eru stór hluti landsmanna, hafi veikt hastarlega.

Nú hefur Kristján Þór Júlíusson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, lagt fram frumvarp sem heimilar innflutning á fersku kjöti, eggjum og vörum úr ógerilsneyddri mjólk. Íslenskir neytendur sjá þannig fram á aukið vöruúrval með tilheyrandi samkeppni. Þeir ættu samt ekki að fagna of snemma. Andstæðingar frumvarpsins eru að setja sig í stellingar en þeir telja ekki einungis að slíkur innflutningur ógni sérhagsmunum íslensks landbúnaðar heldur muni hann einnig eiga eftir að valda stórfelldu heilsutjóni meðal þjóðarinnar. Þeir sem lengst ganga í þeim áróðri spara ekki stóru orðin. Rifja má upp orð Sigmundur Davíðs Gunnlaugssonar fyrir örfáum árum en hann hélt því fram að ef menn borðuðu erlent kjöt sem væri ekki nógu vel eldað ættu þeir á hættu að fá sýkingu sem gæti leitt til breytingar á hegðunarmynstri. Orðrétt sagði Sigmundur Davíð: „Þannig að menn hafa jafnvel velt upp þeirri spurningu og rannsakað hvort þetta kunni að breyta hegðun heilu þjóðanna.“

Eins og kunnugt er stofnaði Sigmundur Davíð heilan stjórn málaflökk í kringum sjálfan sig. Í engum íslenskum stjórn málaflökki er jafn mikil foringjadyrkun og í Miðflokknum þannig að auðvelt er að geta sér þess til að þingmenn flokksins muni fara hamföllum gegn frumvarpi landbúnaðarráðherra. Önnur afturhaldsöfl á þingi, og nóg er af þeim, munu gera slíkt hið sama.


Engin ástæða er til að kvíða því að heilsu þjóðarinnar muni hnigna illilega verði leyfður hér innflutningur á fersku kjöti, enda verður sú vara heilbrigðisvottuð frá því landi sem hún kemur frá.

Hér á landi hefur of lengi verið látið eins og viðskiptahindranir séu bæði sjálfsagðar og eðlilegar. Þær eru það ekki. Neytandinn á sinn rétt og valið á að vera hans. Þegar frumvarp landbúnaðarráðherra kemur til afgreiðslu á þinginu munu þingmenn vonandi bera gæfu til þess að standa með samkeppni, gegn viðskiptahindrunum, og setja hagsmunum neytenda í forgrunn, eins og vera ber.



Hér á landi hefur lengi verið látið eins og viðskiptahindranir séu sjálfsagðar og eðlilegar.

Halldór



## Frá degi til dags

**Ekkert að sjá hér**  
„Heyri í þér eftir helgi,“ sagði varðstjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu aðspurður um hvað stæði til þegar fregnir bárust ritstjórn Fréttablaðsins af þungvopnuðum sérsveitarmönnum á hlaupum í miðborginni í gærkvöld. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur aldrei verið framarlega á sviði upplýsingamiðlunar en það að gefa skit í störf blaðamanna þegar fyrirsurnin á ljóslega erindi við almenningi hlýtur að vera einhvers konar landsmet í yfirlæti. Lögreglan hefur reyndar átt töluverðri velgengi að fagna á samskiptamiðlum þar sem auðvelt er að stýra flæði upplýsinga svo það henti embættinu, frekar en fjölmiðlum.

**Tilkynning um tilkynningu**  
Annað sem vakti athygli ritstjórnarinnar var að varðstjórnin virtist ekki kannast við að breiðfylling lögreglumanna væri á ferli í miðbænum. Svo virðist sem samskiptavandinn sé ekki aðeins út á við, heldur einnig innan veggja lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Eftir að Fréttablaðið greindi frá viðmóti varðstjórnarinnar í stuttri frétt barst ritstjórninni símtal þar sem blaðamanni var tilkynnt að tilkynning væri á leiðinni. Þá þurfti auðvitað að tilkynna lesendum að tilkynning hefði borist um að tilkynning væri á leiðinni. [kjartanh@frettabladid.is](mailto:kjartanh@frettabladid.is)

## Vinnufriður



Eypór Arnalds  
oddviti  
Sjálfstæðismanna  
í borgarstjórn

**S**tærsti flokkurinn í borginni er í minnihluta ásamt þremur nýjum flokkum í borgarstjórn. Á fyrsta ári höfum við lagt fram tugi tillagna en jafnframt haft jákvæð áhrif til breytinga. Má nefna stöðu heimilislausra, aukna áherslu á sköpun í skólastarfi og einfaldara velferðarkerfi. Það er hlutverk okkar að benda á það sem betur má gera í borginni. Frá kosningum hefur mikill fjöldi úrskurða, dóma og álita fallið borginni í óhag. Hæstiréttur staðfesti að borgin snuðaði öryrkja um bætur. Héraðsdómur felldi dóm um störf skrifstofustjóra borgarstjórnarinnar. Umboðsmaður Alþingis benti á brot borgarinnar í húsnæðismálum Félagsbústaða. Ólögleg var ráðning borgarlögmans að mati jafnréttisstofu. Svört skýrsla borgarskjalasafns um skjalamál borgarinnar á síðasta ári. Niðurstaða innri endurskoðunar um óheimila framúrkefslu Félagsbústaða leiddi til þess að framkvæmdastjórinn sagði starfi sínu lausu. Skýrsla innri endurskoðunar um braggamálið. Og svo álit Persónuverndar um að borgin hafi brotið persónuverndarlög í aðdraganda kosninganna. Þessi samfelldi áfellingdómur er einstakur í sögu borgarinnar. Hann er ekki frá okkur kominn. Hann er einfaldlega staðreynd.

Undanfarna daga hafa embættismenn beðið um vinnufrið. Um hann er þetta að segja: Við munum áfram styðja við góð mál og styðja starfsmenn í sínum störfum. Okkur ber hins vegar að skoða þau mál þar sem brotin eru lög og reglur. Það er einfaldlega okkar lögbundna hlutverk. Það kann að hafa áhrif á starfsandann að æðsti embættismaður borgarinnar sem jafnframt er borgarfulltrúi kannist ekki við ábyrgð á því sem aflaga fer. Ítrekað varpar borgarstjórnin ábyrgð sinni yfir á undirmenn með því að segjast ekkert hafa vitað, ekkert hafa sagt, ekkert skrifað og ekkert gert. Það er sannkallað ábyrgðarleysi. Ef störfín eru í lagi verður góður vinnufriður. Við erum kosin sem fulltrúar fólksins í borginni. Við berum ábyrgð á að vel sé farið með fé og farið sé að lögum. Vinur er sá er til vammis segir. Borgin okkar getur gert betur. Stöndum saman um það.



Borgin okkar getur gert betur. Stöndum saman um það.

## TUDOR rafgeymar

Er snjósleðinn tilbúinn fyrir vetrarkuldann?

Veldu öruggt start með TUDOR

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is



# Mínir svæsnustu fordómar

## Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Fordómar eru í grunninn auðveld leið til þess að segja eitthvað misgáfulegt um alls konar dót sem maður veit ekkert um, fólk sem maður þekkir ekki og málefni sem maður hefur ekki kynnt sér af neinni dýpt. Að láta fordóma sína í ljós í kjarnyrta máli er líka ákveðin leið til að fá vissa skammvinna útrás fyrir ruddalegri tilhneigingar sálarlífsins, eins og óræða reiði út í hitt og þetta, pirring og þreytu. Sérstaklega gott er að gera þetta í útvarpi eða á samfélagsmiðli.

Fordómar eru líka á ákveðinn hátt eðlilegir. Maður getur ekki vitað allt. Stundum þarf maður að gera sér upp hugmynd. Maður er kannski að fara að hitta mann-eskju sem maður hefur aldrei hitt áður. Ég finn það mjög sterkt í mínu sálarliti að yfirlætt í aðdraganda slíkra funda dregur skráttinn á öxl minni upp þá mynd að viðkomandi sé durtur og ég muni lenda í miklu orðaskaki. Þannig vaxa fordómar oft af óöryggi. Maður óttast óvissu. Skráttinn gengur á lagið og dregur upp mynd.

## Kjaramálin

Híð skemmtilega er, að eiginlega alltaf kemur hitt á daginn. Fólk er frábært. Skráttinn hefur rangt fyrir sér. Fordómar eru á mjög athyglisverðan hátt alltaf rangir. Svo takmarkað er ímyndunarafl mannskepnunnar að jafnvel hinir spámannlegustu palladómar um menn og málefni eru undantekningalaust fullkomið bull. Veruleikinn er alltaf öðruvísi.

Og af hverju er ég að skrifa þetta? Jú, mér er þetta hugleikið núna vegna stöðunnar í kjaramálum. Það er við það að sjóða upp úr á vinnumarkaði. Ég les á hverjum degi lýsingar á deiluaðilum. Ég sé ekki betur en að skráttar séu sestir á axlir margra og hvíslir fordómum. Yfirlýsingar fljúga.

Nú ætla ég að kafa í mína fordóma og láta þá í ljós. Maður getur mjög auðveldlega fundið nokkrar góðar sleggjur, ef maður kafar smá. Ég þekki mjög fáa sem koma að samningum á vinnumarkaði um þessar mundir. Ég bara les um viðræðurnar í blöðunum og sé myndir af fólkinu. Að því sögðu ætla ég að gefa púkanum orðið.

## Púki segir:

Þetta lið þarna í Eflingu er bara gegnsósa af löngun til þess að gera allt brjálað. Því er slétt sama um hag almennings. Vill bara átök. Gunnar Smári komst í heilann á þeim og bullaði eitthvað um sósíalisma út af einhverju sem hann las einhvers staðar og síðan þá er fjandinn laus. Og Ragnar þessi í VR. Hann er svona gaur



sem gengur um með alls konar hugmyndir sem aðeins Xuþlup á plánetunni Zumblogg skilur. Ætlar að breyta öllum kerfum. Og er núna búinn að hanna nýja tegund af vinnumarkaðsaðgerðum. Úúúú. Verum hrædd. Þetta lið er haldið mikilmennskubrjálaði. Langar mest til að standa uppi á húddi á bil með kalltæki og fána. Er örugglega með svoleiðis í bilskúr einhvers staðar, til að æfa sig.

Svo eru það atvinnurekendurnir. Flottir í tauinu, en yfirlætisfullt glottið á vörunum segir bara eitt: Ekkert er hægt. Því miður, krakkar mínir. Það eina sem er hægt er þetta: Að færa auð fáum og standa vörð um auð þeirra. Annað er ómögulegt. Bless.

Þetta fólk er allt vitleysingar, segir púkinn. Og nú ætlar þetta að

rífa augun hvert úr öðru. Verði því að góðu.

## Vilji allra

Kem ég þá aftur að inngangi þessa greinarstúfs. Varðandi fordóm-ana. Það er hressandi að láta þá í ljós. Maður fitnar allur. En svo þarf maður að minna sig á hið augljósa: Ekkert af þessu er rétt.

Kannski er veruleikinn meira svona: Fólk á lægstu launum er orðið langþreytt á því að eiga ekki til hnifs og skeiðar. Það er fast í fátæktargildrum, bugað af viðurstyggilega hárrí leigu og reikningafjalli hverra mánaðamóta. Það ætlar ekki að láta það viðgangast lengur. Skiljanlega.

Og hinum megin við borðið situr fólk sem veit þetta innst inni. Það veit vel að sumt fólk getur ekki



Ég held að allir viti þetta. Það þarf þjóðarsátt. Einhvers konar kerfistregða, fordómastíflað samtal í bland við lítið sem ekkert traust milli fólks kemur í veg fyrir að hún gerist núna.

lífað. Það vill breyta því. Ég held að allir viti að fleiri þurfa koma að borðinu með atvinnurekendum og launþegum, einkum ríkið og sveitarfélögin. Það þarf að finna alls konar leiðir til þess að bæta kjör þeirra sem virkilega hafa það skítt. Margt þarf að gera. Byggja íbúðir, lækka leigu, hafa hemil á verðlagi, lækka skatta á hárréttum stöðum, lækka gjöld, hafa hemil á launaskriði, afnema skerðingar í bótakerfinu, auka frítíma fólks.

Ég held að allir viti þetta. Það þarf þjóðarsátt. Einhvers konar kerfistregða, fordómastíflað samtal í bland við lítið sem ekkert traust milli fólks kemur í veg fyrir að hún gerist núna.

En kannski hef ég rangt fyrir mér um þetta líka. Kannski veit ég bara ekkert hvað er að gerast. Eitt veit ég þó: Æsingur er forleikur klúðurs.

RENAULT ZOE

PRÓFAÐU 100%  
RAFBÍL Í 24 TÍMA!



RENAULT  
Passion for life

Renault ZOE – verð: 3.890.000 kr.  
TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

## Markaðurinn er á frettabladid.is

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinargóða umfjöllun um viðskiptalíf.



## Skólar &amp; Námskeið

## Námskeið



## ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN &amp; DANISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA

Levels/Stig: 1 - 6: Start/Byrja: 4/3, 1/4, 29/4, 27/5, 24/6, 22/7, 19/8/, 16/9, 14/10, 11/11, 9/12. 4 weeks/4 vikur x 5 days/5 daga. 2-4 students/nem. Morn/Aftern/ Evening Morgna/ Síðd/ Kvöld. Price/Verð: 48.000,- Most labour unions pay back part of course price/ Flest stéttafélög endurgreiða hluta námsgjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans.is - facebook.com/iceschool. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Armúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

## Tilkynningar

## SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti þann 21. febrúar 2019 að auglýsa eftirfarandi tillögur:

Tvær nýjar deiliskipulagsáætlanir í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

## 1. Hafnarfjarðarvegur, stofnbraut, deiliskipulag

Tillagan gerir ráð fyrir umferðarskipulagi í samræmi við tillögur að bráðabirgða endurbótum Hafnarfjarðarvegar, að hluta, sem unnar hafa verið af Vegagerðinni í samráði við Garðabæ.

## 2. Vífilsstaðavegur og Bæjarbraut, deiliskipulag

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir hringtorgi við gatnamót Vífilsstaðavegar og Litlatúns/Flataskóla.

Deiliskipulagsbreytingar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

## 3. Ásgarður, deiliskipulagsbreyting vegna hringtorgs

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir breyttri legu göngustígs við Hraunholtslæk og á fyrirkomulagi bílastæða og breytingu við gatnamót Vífilsstaðavegar.

## 4. Miðbær, neðsta svæði (svæði III), deiliskipulagsbreyting vegna minnkunar á svæði

Tillagan gerir ráð fyrir því að deiliskipulagssvæðið minnki sem nemur gatnamótum Vífilsstaðavegar og Hafnarfjarðarvegar, til samræmis við tillögu að deiliskipulagi Hafnarfjarðarvegar.

## 5. Hörgatún 2, deiliskipulagsbreyting vegna hringtorgs

Tillagan gerir ráð fyrir skerðingu í norðvesturhorni lóðar vegna útfærslu á hringtorgi á gatnamótum Litlatúns/Flataskóla og Vífilsstaðavegar.

## 6. Ásar og Grundir, deiliskipulagsbreyting vegna minnkunar á svæði

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir breytingum á stígum o.fl. næst Hafnarfjarðarvegi.

## 7. Hraunholt eystra, deiliskipulagsbreyting vegna minnkunar á svæði

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir því að deiliskipulagssvæðið minnki við gatnamót Lækjarfitjar og Hafnarfjarðarvegar.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is), og í þjónustuveri Garðabæjar frá 25. febrúar 2019. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn athugasemdir við tillögurnar á netfangið [skipulag@gardabaer.is](mailto:skipulag@gardabaer.is) eða í þjónustuver Garðabæjar, Garðatorgi 7 210 Garðabæ, og skulu þær vera skriflegar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 8. apríl 2019.Arinbjörn Vilhjálmsson  
skipulagsstjóri Garðabæjar

## Tilkynningar

MATVÍS  
AÐALFUNDUR

Aðalfundur Matvæla- og veitingafélags Íslands, verður haldinn miðvikudaginn 27 mars næstkomandi kl. 16,00 á Stórhöfða 31 1. hæð, gengið inn Grafarvogsmegin.

## Dagskrá:

Venjulega aðalfundarstörf  
LagabreytingarMat á umhverfisáhrifum  
Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- Þjónustumiðstöð og hótél í landi Bitru, Flóahreppi
- 80 tonna framleiðsluaukning í seiðaeldisstöð Laxa Fiskeldis að Bakka, Ölfusi

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvarðanir liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is). Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 26. mars 2019

## Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum  
ráðningarstofa



# Það er hægt að fjarlægja háræðaskemmdirnar

Við erum með lausnina fyrir þig

Snyrtistofan Hafblik hefur margra ára sérhæfingu í háræðaslitsmeðferðum. Við fjarlægjum úr andliti háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða. Yfirleitt þarf að fara þrisvar yfir sama meðferðarsvæðið til að loka fullkomlega skemmdu háræðunum. Mánuður er látinn líða milli meðferða.

## “SUPREME HOLLYWOOD-MEÐFERÐ” eða “NÁTTÚRULEG VIÐGERÐARMEÐFERÐ”

Snyrtistofan Hafblik sérhæfir sig einnig í langtíma viðgerðarmeðferðum á andliti þar sem húð er markvisst byggð upp á náttúrulegan hátt án inngripa nála eða skurðhnífa. Starfsemi og frumuendurnýjun húðarinnar er stóraukin með háþrúðum byltingarkenndum viðgerðarkúr frá Bandaríkjunum þar sem stofnfrumuhvatar eru unnir djúpt ofan í húð með nýjustu hágæða örtækni.

## Einfaldara en lýtaaðgerð

Bandaríkjamenn eru meðvitaðri í dag um hversu illa lýtaaðgerðir eldast eins og mýmörg dæmi í Hollywood heiminum sýna. Þess vegna hafa þeir aukið náttúrulegar viðgerðarmeðferðir. Raunveruleg viðgerð á húð fæst einungis með langtíma markvissum viðgerðarmeðferðum. Snyrtistofan Hafblik hefur með þessum aðgerðum náð undraverðum árangri sem við erum stolt af og viljum koma á framfæri til þeirra sem vilja njóta og eldast með reisn. Snyrtistofan Hafblik hefur nú þegar mjög góða reynslu af þessari viðgerðarmeðferð og mælir með þessari aðferð.



Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur  
**Bókið frían tíma í skoðun/viðtal**

  
**Snyrtistofan Hafblik**





## Enska úrvalsdeildin

Úrslit 27. umferðar 2018-19

### Burnley - Tottenham 2-1

1-0 Chris Wood (57.), 1-1 Harry Kane (65.), 2-1 Ashley Barnes (83.).

### Bournemouth - Wolves 1-1

1-0 Joshua King (viti) (14.), 1-1 Raul Jiménez (viti) (83.).

### Newcastle - H.field 2-0

1-0 Salomón Rondón (46.), 2-0 Ayozo Peréz (52.).

### Leicester - Crystal Palace 1-4

0-1 Michy Batshuayi (40.), 1-1 Jonny Evans (64.), 1-2 Wilfried Zaha (70.), 1-3 Luka Milivojevic (viti) (81.), 1-4 Wilfried Zaha (90.).

### Arsenal - Southampton 2-0

1-0 Alexandre Lacazette (6.), 2-0 Henrikh Mkhitaryan (17.).

### Man.Utd - Liverpool 0-0

## Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Liverpool	27	20	6	1	59-15	66
Man.City	27	21	2	4	74-20	65
Tottenham	27	20	0	7	55-27	60
Arsenal	27	16	5	6	55-37	53
Man.Utd	27	15	7	5	52-25	52
Chelsea	26	15	5	6	45-29	50
Watford	27	11	7	9	39-35	40
Wolves	27	11	7	9	35-34	40
West Ham	27	10	6	11	35-40	36
B'mouth	27	10	4	13	38-48	34
Everton	27	9	6	12	36-39	33
Leicester	27	9	5	13	32-38	32
C. Palace	27	8	6	13	31-35	30
Burnley	27	8	6	13	31-48	30
Newcastle	27	7	7	13	24-34	28
Brighton	26	7	6	13	28-39	27
Cardiff	27	7	4	16	25-52	25
S'hampton	27	5	9	13	28-46	24
Fulham	27	4	5	18	26-61	17
H'field	27	2	5	14	14-50	11



## Enska deildarbikarinn

Úrslitaleikur

### Man.City - Chelsea 0-0

Manchester City vann 4-3 eftir vítaspyrnu-keppni og varði þar af leiðandi titil sinn og er enskur deildabikarmeistari árið 2019.

## Okkar menn

Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi

### Everton Gylfi Þór Sigurðsson

Everton spilaði ekki um helgina en á morgun mætir liðið Aroni Einari og félagum hans hjá Cardiff City.



### Burnley Jóhann Berg Guðm.

Kom inn á sem varamaður fyrir Burnley á móti Tottenham Hotspur og lagði skömmu síðar upp sigurmarkið í 2-1 sigri liðsins.



### Cardiff City Aron Einar Gunnarsson

Sat allan tímann á varamannabekknunum þegar Cardiff tapaði fyrir Watford.



### Reading Jón Daði Bødvarsson

Var ekki í leikmannahópi Reading gegn Rotherham vegna meiðsla.



### Aston Villa Birkir Bjarnason

Sat allan tímann á varamannabekknunum í jafntefli gegn Stoke City.



Sadio Mané freistar þess hér að koma boltanum í mark Manchester United en Ashley Young kemur í veg fyrir það með tæklingu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Liverpool komið á toppinn

Liverpool komst á topp ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla með því að ná í stig gegn Manchester United. Arsenal klifraði upp fyrir Manchester United í fjórða sætið með sigri gegn Southampton.

**ENSKI BOLTINN** Leiks Manchester United og Liverpool var beðið með mikilli eftirvæntingu. Þetta var fyrsti slagur Ole Gunnars Solshkjær við Liverpool sem knattspyrnustjóri en hann hafði margt gert liðinu skráveifu inni á knattspyrnuvöllum.

Liðin eru í mismunandi baráttu á þessum tímamarki en Liverpool virðist vera í tveggja hesta kapphlaupi við Manchester City eftir að Tottenham Hotspur missteig sig á móti Jóhanni Berg Guðmundssyni og félagum hans hjá Burnley í hádeginu á laugardaginn.

Leikur Manchester United og Liverpool náði ekki að risa undir þeim væntingum sem til hans voru gerðar og niðurstaðan varð markalaust jafntefli. Stigið sem Liverpool fékk fleytir liðinu á topp deildarinnar. Manchester United missti hins vegar fjórða sætið til Arsenal sem lagði Southampton að velli.

Fyrri hálfleikurinn í leik Manchester United og Liverpool náði

## Stóru málin

eftir helgina í enska boltanum

### Stærstu úrslitin

Newcastle United náði sér í örliðið andrými með því að leggja Huddersfield Town að velli með tveimur mörkum gegn einu. Lærisveinar Rafaels Benitez eru fjórum stigum frá fallsvæði deildarinnar eftir umferð helgarinnar og falldraugurinn er enn í selingarfjarlægð frá St. James's Park.



### Hvað kom á óvart?

Leicester City steinlái 4-1 fyrir Crystal Palace og var það banabiti Claude Puel sem knattspyrnustjóri Leicester City. Óstöðugleiki liðsins varð honum að falli en hann var stjóri liðsins í 16 mánuði.



### Mestu vonbrigðin

Tottenham Hotspur mistókst að minnka forskot sitt á topplið deildarinnar, Liverpool og Manchester City, þegar lið laut í lægra haldi fyrir Jóhanni Berg Guðmundssyni og félagum hans hjá Burnley sem náðu sér í mikilvæg stig í fallbaráttu sinni.




## Leikmaður helgarinnar

Wilfried Zaha skoraði tvö mark Crystal Palace þegar liðið vann sannfærandi 4-1 sigur gegn Leicester City. Það eru líklega fá lið ensku úrvalsdeildinni sem reiða sig jafn mikið á einstaklingsframtak leikmanns og Crystal Palace gerir þegar kemur að Zaha.

Hann er að öllu jöfnu potturinn og pannan í sóknarleik Crystal Palace og ef liðið ætlar að gera usla í vörn andstæðinganna er leitað til Filabeinsstrendingsins.

Zaha hefur nú skorað sjö mörk í deildinni á yfirstandandi leiktið og þá hefur hann þar að auki lagt upp tvö mörk fyrir samherja. Þá hefur hann fiskað nokkrar vítaspyrnur sem Luka Milivojevic hefur séð um að skila rétta leið.

Zaha tókst ekki að öðlast frama hjá Manchester United en margir eru á því að kominn sé tími á það að eitt af stóru liðinum taki sénsinn á honum.



aldrei flugi þar sem hann litaðist af því að liðin þurftu að gera fjórar breytingar á liðum sínum vegna meiðsla. Ole Gunnar þurfti að nota alla sínar skiptingar þar sem Ander Herrera, Juan Mata og Jesse Lingard, sem kom raunar sjálfur inn á sem varamaður, þurftu frá að hverfa vegna meiðsla.

Þá fór Roberto Firmino af velli hjá Liverpool vegna meiðsla og Daniel Sturridge leysti hann af í framlínu liðsins. Sturridge fékk besta færi Liverpool í leiknum en David de Gea varði skot hans af stuttu færi á lokaandartökum leiksins. Alisson Becker var svo vandanum vaxinn þegar

Lingard fékk besta færi Manchester United í leiknum í fyrri hálfleik.

David de Gea var þarna að halda hreinu í sínum 100. leik fyrir Manchester United en einungis danski markvörðurinn Peter Smeichel hefur gert það oftast fyrir liðið eða 112 sinnum.

Sóknarleikur Liverpool var nokkuð bitlaus í þessum leik en liðið hefur nú gert tvö markalaus jafntefli í röð. Það er í fyrsta skipti síðan árið 2013 sem liðið spilar tvo leiki í röð í öllum keppnum án þess að skora. Það er hins vegar huggun harmi gegn að liðið er á toppi deildarinnar eftir helgina. – h





Sergio Agüero og Olexandr Zinchenko fagna hér sigri í enska deildabikarnum af mikilli innlifun. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kepa varð skúrkurinn

Eftir markalausán úrslitaleik í enska deildabikarnum réðust úrslitin í vítaspyrnukeppni. Þar voru það leikmenn Man. City sem voru sterkari á svellinu.

**ENSKI BOLTINN** Það gerist ekki oft að markverðir verða blórabögglar þegar lið tapa leikjum í vítaspyrnukeppni. Þjálfarateymi Chelsea hugsar hins vegar Kepa Arrizabalaga, markverði liðsins, líklega þegjandi þörfina eftir tap liðsins fyrir Manchester City í úrslitaleik enska deildabikarsins í gær.

Leikur liðanna var markalaus í venjulegum leiktíma og það sama var uppi á teningnum í framlengingunni. Þegar framlengingunni var í þann mund að ljúka hugðist Maurizio Sarri, knattspyrnustjóri Chelsea, skipta Kepa af velli og setja Willy Caballero í markið fyrir vítaspyrnukeppnina.

Kepa var hins vegar ekki samála þessari skiptingu og harðneitaði að fara af velli. Kepa og Ítalirnir Sarri og Gianfranco Zola skiptust á skoðunum um þessa ákvörðun markvarðarins í smátíma og sveif suðrænn tilfinningahiti yfir vötnum þegar næstu skref í málinu voru rædd. Að lokum fékk Kepa sínu framgengt og stóð hann á milli stanganna í vítaspyrnukeppninni.

Þar varði hann reyndar spyrnu Leroy Sané en hefði klárlega getað gert betur þegar Sergio Agüero kom boltanum fram hjá honum.

Jorginho og David Luiz brenndu af sínum spyrnum fyrir Chelsea. Cesar Azpilicueta, Emer-

son og Eden Hazard skiluðu boltanum hins vegar rétta leið fyrir Chelsea. İlkay Gundogan, Sergio Agüero, Bernardo Silva og Raheem Sterling skoruðu aftur á móti úr sínum spyrnum fyrir

» Manchester City hefur nú orðið enskur deildabikarmeistari sex sinnum en liðið hefur unnið keppnina í fjögur skipti á síðustu sex keppnistímabilum.

Manchester City og sáu til þess að liðið varði titil sinn í keppninni. Manchester City hefur nú unnið þessa keppni alls sex sinnum og fjórum sinnum á síðustu sex keppnistímabilum.

Staða Sarri var ótrygg fyrir þennan leik en eftir brösuð gengi í undanföllum leikum er sæti hans afar heitt. Nú virðist sem hann njóti ekki skilyrðislausrar virðingar frá markverði sínum og spurning hvort stjórn félagsins sé á bandi leikmannsins eða knattspyrnustjórans. – hó



## Sara fer á heimsleikana

**CROSSFIT** CrossFit-keppandinn Ragnheiður Sara Sigmundsdóttir tryggði sér í gær farseðilinn á heimsleikana í greininni sem fara fram í Wisconsin í Bandaríkjunum í ágúst, um verslunarmannahelgina.

Sara bar sigur úr býtum á Strength in Depth-mótið sem fór fram í Lundúnum um helgina en sá sigur tryggir henni sæti á leikunum.

Hún fetar þar með í fótspor Katrínar Tönju Davíðsdóttur sem tryggði sér sæti á leikunum er hún vann mót

í Suður-Afríku á dögnum.

Sara var í efsta sæti eftir fyrri daginn í gær og hún bætti forskot sitt á toppnum þegar hún vann fyrri grein dagsins. Í síðari greininni lenti hún í öðru sæti sem dugði henni til sigurs í heildarkeppninni.

Sara lauk keppni með 682 stig en í öðru sæti var Jamie Greene með 638 stig. Þriðja var hin bandaríska Danie Speegle með 602 stig á undan Þuríði Erlu Helgadóttir sem lenti í fjórða sæti mótsins. – hó

## Stjarnan varði titil sinn

**FIMLEIKAR** Bikarmótið í hópfimleikum fór fram í íþróttahúsinu Iðu á Selfossi í gær. Keppt var í þremur flokkum í meistaraflokki, kvenna, karla og blönduðum flokki.

Í kvennaflokki var það lið Stjórnunnar sem sigraði með 54.000 stig en þetta er þriðja árið í röð sem Stjarnan verður bikarmeistari.

Í karlaflokki var það lið Gerplu sem varð hlutskarpast með 56.400 stig og í flokki blandara liða var það einnig lið Gerplu sem sigraði. – hó

HÚSGAGNAHÖLLIN  
í Reykjavík er lokuð  
í dag mán. 25. febrúar  
vegna vörutalningar

OPNUM  
AFTUR Á  
MORGUN  
KL. 10<sup>00</sup>

HLÖKKUM  
TIL AÐ SJÁ ÞIG!



[www.husgagnahollin.is](http://www.husgagnahollin.is)



HÚSGAGNA  
HÖLLIN

Reykjavík Bíldshöfði 20  
10 – 18 virka daga  
11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1  
10 – 18 virka daga  
11 – 16 laugardaga  
Ísafjörður Skeiði 1

[www.husgagnahollin.is](http://www.husgagnahollin.is)  
558 1100



# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1634** Albrecht von Wallenstein, hershöfðingi Hins heilaga rómverska ríkis í þrjátíu ára stríðinu, er tekinn af lífi að ósk Ferdinands keisara,

**1672** Þórður Þorláksson vígður biskup á Skálholti.

**1870** Hiram Rhodes Revels, Repúblikani frá Mississippi-riki, sör embættiseið og tók sæti á Bandaríkjaþingi, fyrstur blökkumanna.

**1920** Annað ráðuneyti Jóns Magnússonar tekur við völdum.

**1928** Fyrsta útvarpsleyfið gefið út í Bandaríkjunum til Charles Jenkins Laboratories í Washington D.C.

**1932** Adolf Hitler öðlast þýskan ríkisborgararétt.

**1933** Fyrsta sérhannaða flugmóðurskipið, USS Ranger, er sjósett í Bandaríkjunum.

**1944** Alþingi samþykkti einróma að sambandslögin um konungssamband Íslands og Danmerkur væru fallin úr gildi.

**1945** Tyrkír lýsa yfir stríði gegn Þjóðverjum.

**1947** Hertoga- og konungsríkið Prússland er formlega lagt niður samkvæmt ákvörðun stjórnarráðs Bandamanna.

**1975** Ragnhildur Helgadóttir kosin forseti Norðurlandaráðs, fyrst kvenna, á þingi þess sem haldið var í Reykjavík.



Adolf Hitler.



Djúpivogur rétti sannarlega úr kútnum eftir áfall fyrir fimm árum. MYND/ÓLAFUR BJÖRNSSON

## Stefna á að vera glaðasta sveitarfélag landsins

Útlitið var ekki bjart á Djúpavogi þegar Vísir lokaði fiskvinnslu þar fyrir fimm árum. Íbúar létu það ekki slá sig út af laginu. Margvísleg verkefni hafa sprottið upp síðan þá.

Það var gífurlegt högg fyrir Djúpavogshrepp þegar Vísir hf. hætti þar fiskvinnslu. Ekki kom til greina að leggja árar í bát og undir lok síðasta árs var íbúafjöldi í sveitarfélaginu jafn því sem var áður en Vísir lokaði.

„Það eru fjölmörg dæmi um lítil byggðarlög sem þola ekki slík áföll. Þetta var gríðarlegt högg og margir skelkadir en það var vöðalega lítið verið að kvarta. Þess í stað fór fólk beint í að hugsa í lausnum og snúa vörn í sókn,“ segir Greta Mjöll Samúelsdóttir, atvinnu- og menningarmálafulltrúi Djúpavogshrepps.

Þótt Vísir færi lagðist fiskvinnsla ekki af. Fyrirtækið lét útgerðina Búlandstind hafa fasteignir sínar á staðnum án endurgjalds gegn því að stöðug vinnsla yrði í húsunum næstu fimm ár. Þar er verkaður fiskur sem landað er á staðnum en að auki sér starfsfólk um slátrun fyrir Fiskeldi Austfjarða og Laxa ehf.

„Það framtak var gífurlega mikilvægt. Þar voru á ferð hugrakkir einstaklingar, heimamenn sem tóku við keflinu, héldu þessu á floti og gott betur en það,“ segir Greta Mjöll.



Greta Mjöll Samúelsdóttir, atvinnu- og menningarmálafulltrúi Djúpavogshrepps.

Fiskvinnslunni til viðbótar er nokkuð um frumkvöðlastarfsemi á staðnum. Nefnir Greta meðal annars til sögunnar að á tíma hafi systur á staðnum starfrækt fyrirtæki sem sérhæfir sig í innanhússhönnun. Þá er framtak hjónanna Berglindar Häsler og Svavars Péturs Eysteinsonar, sem einnig er þekktur sem Prins Póló, mörgum kunnugt. Þau fluttu á Karlsstaði í Berufirði og starfrækja þar gistiheimili, tónleikastað, kaffihús og snakkgerð undir merkjum Havarí. Þá hefur ferðaþjónusta vaxið og dafnað í hreppnum líkt og víða annars staðar. Lögð var áhersla á fjölbreytta atvinnuuppbyggingu og það hefur átt sinn þátt í því að mæta þeim

höggum sem brjóta mörg samfélög niður.

„Annað dæmi eru egginn í Gleðivík. Þar var byggt upp en stuttu síðar kom höggið og vinnslu var hætt í Bræðslunni og bryggjan stóð ónotuð. Þau mannvirki fengu glænýjan tilgang og þjóna nú meðal annars sem listagallerí og aðráttarfl,“ segir Greta Mjöll. Hún nefnir einnig að Djúpavogshreppur hafi fengið Cittaslow-vottunina 2013 en hún á rætur að rekja til Ítalíu. „Þetta er stundum kölluð hæglatísstefna. Þar eru umhverfismálin í fyrirrúmi og lögð áhersla á að bæta lífsgæði fólks, hægja á og sporna við þeirri hraðaárættu sem nú er allsráðandi.“

Að sögn Gretu Mjallar er eitt vandamál hreppsins nú, líkt og annars staðar, skortur á húsnæði. Nú í vor bætist við nýtt fullbúið hús á staðnum og nýverið var tekin fyrsta skóflustunga að öðru einbýlishúsi. „Stefnan er að vera eitt glaðasta sveitarfélagið á landinu. Fólk-íð hér er gríðarlega gestrisið og gott hingað að koma. Það er eitthvað sem þú kaupir ekki úti í búð,“ segir Greta Mjöll að lokum. [joli@frettabladid.is](mailto:joli@frettabladid.is)



Yndislega móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jensína Jóna Kristín Guðmundsdóttir**

frá Tannanesi í Önundarfirði,

lést laugardaginn 23. febrúar á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Sunnuhlíðar fyrir kærleiksrika umönnun hennar.

Útförin verður auglýst síðar.

**Þorsteinn Ingimundarson**  
**Daði V. Ingimundarson**  
**Guðrún K. Ingimundardóttir**

**Sigríður G. Karvelsdóttir**  
**Olga Birna Jóhannsdóttir**  
**Gunnar Benedikt Guðmundsson**

**Helga Gréta Ingimundardóttir**  
**Jóhanna Ingimundardóttir**

**börn, tengdabörn og barnabörn.**



Okkar ástkæri

**Héðinn Ósmann Skjaldarson**

verslunarmaður,  
Skarðshlíð 10f, Akureyri,

lést þann 12. febrúar sl. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju fimmtudaginn 28. febrúar kl. 13.30.

**Mercy Aniamai, stjúpdóttir, systkini og aðrir aðstandendur hins látna.**



Okkar ástkæri

**Eiríkur Ingólfsson**

búsettur í Fredriksstað, Noregi,

lést á heimili sínu aðfaranótt 9. janúar. Minningarathöfn og kveðjustund verður í Bústaðakirkju þriðjudaginn 26. febrúar klukkan 13.

**Mette Bakken**  
**Helgi Þ. Möller**

**Áslaug Eiríksdóttir**  
**Leifur Eiríksson**

**Heiðar Eldberg Eiríksson** Svala K. Eldberg Þorleifsdóttir og barnabörn

**Ingólfur Guðmundsson** Áslaug Eiríksdóttir og systkini hins látna.

ÞETTA GERDIST: 25. FEBRÚAR 1966

## Ella Fitzgerald gerði allt vitlaust í Reykjavík

**TÍMAMÓT** „Þið blindið mig!“ kallaði stórsöngkonan og djassfrömuðurinn Ella Fitzgerald í áminningartón til ljósmyndara stuttu eftir að hún lenti á Reykjavíkurlflugvelli þann 25. febrúar árið 1966. Baldur Guðjónsson tónleikahaldari tók á



móti Ellu og færði henni blómvönd. Samkvæmt frétt Vísis af komu Ellu til landsins er ljóst að söngkonan mikla var afar þreytt eftir langt ferðalag og hafði lítinn áhuga á að ræða við fjölmiðla.

Umfjöllun Vísis.

Hún og fylgdarlið hennar hoppuðu á endanum upp í bíl sem ók á brott. „Billinn með Ellu renndi úr hlaði. Um leið renndi sjónvarpsbílinn í hlað. Flugvélin hafði verið hálf tíma of fljót,“ sagði í frétt Vísis. Ella skemmti Reykvikungum á tvennum tónleikum þann 26. febrúar. Þekktasti djassleikari Íslands á þessum tíma, Gunnar Ormslev, steig á svið með Ellu. – khn



Ella Fitzgerald.



# HIN HOLLENSKA YRSA!



TILBOÐSVERÐ:

**3.199.-**

Fullt verð:  
3.999.-

Simone  
van der Vlugt

HEFUR SELST Í MEIRA EN MILLJÓN  
EINTÖKUM UM ALLAN HEIM

Par sem ekkert ógnar þér

„Hér er á ferðinni höfundur sem kann svo sannarlega sitt fag. Fantagóður spennutryllir sem rígheldur lesandanum.“

Litteratursiden

„Lipur, jarðbundin og hröð spennusaga sem þar sem ekkert er slegið af þar til mögnuðum hápunkti er náð.“

Irish Times

„Höfundurinn knýr söguþræðina tvo áfram þannig að lesandinn getur ekki hætt að fletta blaðsíðunum.“

Metro

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9

**PENNINN**

**Eymundsson**

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is


Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er til og með 28. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreytingar.



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Suðaustan 10-18, en mun hægarí um landið A-vert. Rigning V-lands, annars þurrt. Vaxandi suðaustanátt með rigningu undir kvöld. Hiti 3 til 8 stig.



## Þriðjudagur

<b>Reykjavík</b> 6° ↗ 12	<b>Ísafjörður</b> 2° ↘ 6	<b>Akureyri</b> 6° ↗ 17
<b>Egilsstaðir</b> 3° ↑ 17	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 6° ↗ 18	<b>Hveravellir</b> 0° ↑ 29

## Miðvikudagur

<b>Reykjavík</b> 5° ↑ 3	<b>Ísafjörður</b> 3° ↗ 5	<b>Akureyri</b> 3° ↗ 6
<b>Egilsstaðir</b> 3° ↑ 5	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 3° ← 2	<b>Hveravellir</b> -3° ↑ 10

## LÉTT

4			3	9	2			
8							7	
1	2					4	6	
		1		8	3	7	9	
2			9	4			8	
		7	6	1				
	6		4				7	
				3	9	8		
7	9	2				1	4	3

## MIDLUNGS

5				7		2	
	9	1		5		4	
2	3	4		9	5		
				5		4	9
4	2			6	7		1
6							
	4	7	1			3	2
6	8		9				

## PUNG

	8	4		1			
						7	8
			1			3	
6		8	5				9
9			2	7			4
	5		9				
		6			7		2
				3			6
					2	9	1

## Krossgáta

### LÁRÉTT

- sefa
- skjön
- í röð
- arfleiða
- í röð
- háttur
- krakki
- óskipulag
- rándýr
- tiund

### LÓDRÉTT

- litið blóm
- loftstraum
- espa
- örðu
- græða
- veifa
- dangl
- umrót
- stefna

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

## Skák Gunnar Björnsson

Lasker átti leik gegn Short í Montreal 1892.

**1. Rf5! 1-0.**  
Dagur Ragnarsson (2.361) er einn fimm keppenda með fullt hús að loknum þremur umferðum á alþjóðlega mótinu á Kragaeysju. Vignir Vatnar Stefánsson (2.263) hefur einnig byrjað afar vel og hefur 2½ vinning.  
[www.skak.is](http://www.skak.is): Nýjustu skákfréttir



Hvítur á leik

2	1	7	3	6	8	5	4	9
8	5	6	4	1	9	3	2	7
4	9	3	5	2	7	8	6	1
6	8	4	2	9	3	7	1	5
3	2	5	7	4	1	9	8	6
9	7	1	6	8	5	4	3	2
5	6	8	9	3	2	1	7	4
1	4	9	8	7	6	2	5	3
7	3	2	1	5	4	6	9	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

LÁRÉTT: 1. svefa, 5. mis, 6. g. h., 8. ánafta, 10. b.d., 11. lag, 12. barn, 13. ólag, 15. mongus, 17. skatt. LÓDRÉTT: 1. smáblóm, 2. vind, 3. æsa, 4. ægnar, 7. hagnaft, 9. flagga, 12. bank, 14. los, 16. út.

## Pondus



Eftir Frode Øverli

## Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**ÖLL BRAUÐ Á 25% AFSLÆTTI ALLA MÁNUDAGA**

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18

**BJÖRN SBAKARI**  
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00  
[www.bjornsbakari.is](http://www.bjornsbakari.is)



# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 25. FEBRÚAR 2019

**Hvað?** Kristján Þór býður til fundar um innflutning á ófrystu kjöti

**Hvenær?** 20.00-22.00

**Hvar?** Félagsheimilið Þingborg, Hraungerðishreppi Sjárvarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra boðar til fundar í félagsheimilinu Þingborg í Hraungerðishreppi á mánudagskvöld kl. 20.00 til að ræða frumvarp um innflutning á ófrystu kjöti og stöðu landbúnaðarins almennt. Fundurinn er öllum opin.

**Hvað?** Kynningarkvöld Náttúruhlaups

**Hvenær?** 20.30-22:00

**Hvar?** 66°Norður, Miðhrauni 11 Nýtt grunnskólahefist í byrjun mars! Náttúruhlaup eru einstök leið til að njóta lífsins og komast í flæði. Lögð er áhersla á að fólk læri að njóta þess að hlaupa sér til ánægju, heilsu-bótar og til að bæta árangur. Til að gera hlaup að lífsstíl, þarf að hafa gaman af þeim! Elisabet Margeirsdóttir og Birkir Már Kristinsson kynna Náttúruhlaup og uppbyggingu námskeiðsins. Pláss fyrir öll getustig, byrjendur sem lengra komna.

**Hvað?** Byrjendanámskeið í línudansi

**Hvenær?** 20.15-23.15

**Hvar?** Dans & jóga, Skútuvogi 13a Frábært námskeið fyrir alla sem langar að læra grunnsporin í línudansi og æfa nokkra skemmtilega dansa. Skemmtilegt, gagnlegt og gefandi.



Í náttúruhlaupi er áhersla lögð á að fólk læri að njóta þess að hlaupa sér til ánægju. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Kristján Þór Júlíusson sjárvarútvegsráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Fyndnasti háskólaneminn 2019

**Hvenær?** 20.00-22.00

**Hvar?** Stúdentakjallarinn, Háskólatorgi

Það vita allir að hláturinn lengir lífið, þá sérstaklega nemendur við Háskóla Íslands. Við ætlum að sannreyna þetta núna í febrúar þegar að við sláum upp einni stærstu uppistandskeppni Íslands. Með þessari keppni ætlum við að útkljá fyrir fullt og allt hver fyndnasti Háskólaneminn sé (eða að minsta kosti þangað til keppnin verður haldin á ný). Þetta er því viðburður

sem enginn má láta fram hjá sér fara.

**Hvað?** Svepparækt í eldhúsinu

**Hvenær?** 17.30-19.00

**Hvar?** Garðyrkjufélag Íslands, Síðumúla 1 Magnús Magnússon frá Emmson ræktunarsetrinu verður með fræðslu um ræktun ostrusveppa. Ostrusveppir þykja mikið lostæti og njóta ört vaxandi vinsælda hérlandis en það er lítið mál að rækta þá til heimabruks. Það sem meira er, þá getur þú endurnýtt kaffikorginn þinn og notað sem jarðveg fyrir ræktunina.

## Ruddaskapur og villimennska á Sinfóníutónleikum

### TÓNLIST

★★★★★

#### Sinfóníutónleikar

Verk eftir Arvo Pärt, Daniel Bjarnason og Igor Stravinskij.

**Einleikari:** Sæunn Þorsteinsdóttir.  
**Stjórnandi:** Daniel Bjarnason.

#### Eldborg í Hörpu

fimmtudaginn 21. febrúar

Ég fylgdist aðeins með Eurovision undankeppninni. Þar var athyglisvert að upplifa að lög sem höfðu komið ágætlega út í stúdíóútgáfu hljómuðu miklu verr í lifandi flutningi. Hljóðið hjá RÚV var afleitt en ekki bara það; flytjendur voru sumir hverjir ekki upp á sitt besta.

Ekki ósvipaða sögu er að segja um hið tíu ára gamla verk Daniels Bjarnasonar, Bow to String, sem var flutt á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Einleikari var Sæunn Þorsteinsdóttir og stjórnandi Daniel sjálfur. Tónsmíðin var upphaflega samin fyrir Sæunni og hljómaði fyrst á geisladiskinum Processions. Hann kom Daniel á kortið sem tónskáldi.

Bow to String eins og það kemur fyrir á geisladiskinum samanstendur af mörgum rásam mismunandi sellóradda. Þær eru allar leiknar af Sæunni. Raddirnar eru settar saman svo úr verður strengsveit. Fyrir ofan trónir sellóleinleikur, líka í höndunum á Sæunni.

Tónsmíðin á geisladiskinum hefur yfir sér eins konar myrkan



Leikur Sæunnar einkenndist af tilfinningadýpt og skáldskap.

sjarma. Tónmálið er dökkt og einmanalegt, þrungið depurð og angist. Dimmur hljómur sellósins magnar upp andrúmsloftið. Fjölföldunin á einum sellóleikara gefur tónlistinni síðan fókus sem hittir beint í mark.

Á tónleikunum á fimmtudagskvöldið var þessu ekki fyrir að fara. Borin var fram útsetning þar sem sellósveitin var orðin að heilli hljómsveit. Hún náði aldrei einbeitingu frumgerðarinnar. Raddsetningin var of víðfeðm og raddirnar sundurleitir sem hafði þær afleiðingar að tónlistin varð flöt. Leikur hljómsveitarinnar hefði líka mátt vera markvissari í sjálfu sér. Strengjaplokk var t.d. ónákvæmt á viðkvæmum stað, og samspil einleikara og hinna stundum bjagað.

Sæunn sjálf spilaði þó firnavel. Leikur hennar einkenndist af til-

finningadýpt og skáldskap. Tæknilegar hliðar voru eins og best verður á kosið, tónarnir hreinir og fagurlega mótaðir.

Annað á tónleikunum kom ágætlega út. Frates eftir Arvo Pärt var leikið af fágum eins og ofurviðkvæm tónlistin krafðist. Það gerist ekki mikið í henni, en stemningin

er gripandi. Hún skilaði sér fullkomlega á tónleikunum.

Vorblótið eftir Stravinsky, lokatónsmíðin á efnisskránni, var líka skemmtilegt. Það olli straumhvörfum í tónlistarsögunni þegar það var frumflutt í París árið 1913. Tónlistin var allt öðru vísi en þá þekktist, fólk fannst hún ruddaskapur og villimennska. Hneykslunin var slík að slagsmál brutust út í salnum.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan, en tónlistin hljómaði furðufersk í höndunum á hljómsveitinni undir öruggri stjórn Daniels. Hrynjandinn var hárnákvæm og hvöss, krafturinn ógurlegur. Tréblásturinn var fullur af sannfærandi litbrigðum og óvanalega stór sveit hornleikara var með allt sitt á hreinu. Í heild var leikur hljómsveitarinnar glæsilegur og endirinn ótrúlega flottur. Þetta var frábært.

Jónas Sen

**NIÐURSTADA:** Verk eftir Daniel Bjarnason kom ekki sérlega vel út, en annað á dagskránni var prýðilegt.

**ENDURNÝJUN  
OG VIÐHALD**

**Löggiltur rafverktaki**

**Sími:  
696 5600**

**rafsol@rafsol.is**

**RAFSÓL**

Síðumúla 34 • 108 Reykjavík  
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

Ábendingahnappinn má  
finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

**GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS**

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Free Solo (ENGLISH - NO SUB)	17:30	National Theatre Live - Breska Þjóðleikhúsið
Roma (SPANISH W/ENG SUB)	17:30	NTL: Hamlet (ENGLISH - NO SUB) 20:00
Shoplifters//Búðarþjófvar (ICE SUB)	17:40	Kalt stríð // Cold War (ICE SUB) 22:00
Kobiety Mafii 2 (POLISH W/ENG SUB)	19:40	Heavy Trip // Hevi Reissu (ENG SUB) 22:20
Transit (GERMAN & FRENCH W/ENG SUB)	20:00	





## Mánudagur

## RÚV SJÓNVARP

- 13.00** Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2012-2013 Álfanes - Reykjavík
- 13.55** Úr Gullkistu RÚV. 91 á stöðinni
- 14.20** Úr Gullkistu RÚV. Út og suður
- 14.45** Óskarsverðlaunahátíðin 2019
- 17.50** Tákn málsfréttir
- 18.00** KrakkaRÚV
- 18.01** Simon
- 18.06** Móí
- 18.17** Klaufabárðarnir Í þessum klassisku brúðupáttum standa þeir Patti og Matti frammi fyrir alls konar erfiðum verkefnum sem reyna á útsjónarsemi og verklag, sem er því miður ekki til staðar. Klaufabárðarnir litu fyrst dagsins ljós árið 1976 og hafa skemmt íslenskum fjölskyldum í áraradír.
- 18.26** Ronja ræningjadóttir Teiknimyndapættir um Ronju ræningjadóttur sem byggðir eru á þekktri sögu Astrid Lindgren. Ronja elst upp hjá ræningjum í skógum Skandinavíu. Líf hennar tekur stakkaskiptum þegar hún kynnist strák sem reynist vera sonur andstæðings föður hennar.
- 18.50** Krakkafréttir
- 19.00** Fréttir
- 19.25** Íþróttir
- 19.30** Veður
- 19.35** Kastljós
- 19.50** Menningin
- 20.00** Lífsbarátta í náttúrunni - Keisaramörgæsir Stórbrotinir dýralífspættir úr smíðju Davids Attenborough þar sem fylgst er með lífi fimm dýrategunda og fjallað um áskoranirnar sem bíða þeirra, meðal annars vegna loftslagsbreytinga og annarra ógna af manna völdum. Dýrategundirnar sem fylgst er með í þáttunum eru mörgæsir, simpansar, ljón, afrískir villihundar og tigrisdýr. Þættirnir eru talsettir á íslensku en sýndir á sama tíma á RÚV2 með ensku tali.
- 20.55** Lífsbarátta í náttúrunni. Á tókustað - Keisaramörgæsir Skyggst bak við tjöldin við gerð dýralífspáttanna Dynasties, en þættirnir voru fjögur ár í framleiðslu. Þættirnir eru talsettir á íslensku en sýndir á sama tíma á RÚV 2 með ensku tali.
- 21.10** Gíslatakan Dönsk spennuþáttaröð um gíslatöku í neðanjarðarlest í Kaupmannahöfn. Fimmtán manns eru teknir í gíslingu af óþekktum afbrotamönnum sem hóta að taka þá af lífi ef kröfum þeirra er ekki mætt. Í kjölfarið taka við atburðir sem hafa djúpstæð áhrif á alla þjóðina. Leikstjóri: Kasper Barfoed. Aðalhlutverk. Jakob Oftebro, Michael Frandsen og Johannes Lassen. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 22.00** Tíufréttir Nýjustu fréttir og íþróttir kvöldsins. Alla mánudaga til fimmtudaga.
- 22.15** Veður
- 22.20** Óskarsverðlaunin - samantekt 2019
- 23.50** Kastljós
- 00.05** Menningin
- 00.15** Dagskrárlök

## GOLFSTÖÐIN

- 08.00** WGC. Mexico Championship
- 14.00** WGC. Mexico Championship
- 20.00** PGA Highlights
- 20.55** Golfing World
- 21.45** Champions Tour Highlights
- 22.40** PGA Highlights

## ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

## SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00** Síminn + Spotify
- 08.00** Dr. Phil
- 08.45** The Tonight Show
- 09.30** Síminn + Spotify
- 12.00** Everybody Loves Raymond
- 12.20** The King of Queens
- 12.40** How I Met Your Mother
- 13.05** Dr. Phil
- 13.50** Lífum lengur
- 14.25** Crazy Ex-Girlfriend
- 15.10** Ally McBeal
- 16.00** Malcolm in the Middle
- 16.20** Everybody Loves Raymond
- 16.45** The King of Queens
- 17.05** How I Met Your Mother
- 17.30** Dr. Phil
- 18.15** The Tonight Show
- 19.00** The Late Late Show
- 19.45** The Good Place
- 20.10** The F Word (US)
- 21.00** Escape at Dannemora
- 22.00** Blue Bloods
- 22.45** MacGyver
- 23.30** The Tonight Show
- 00.15** The Late Late Show
- 01.00** NCIS
- 01.45** NCIS. Los Angeles
- 02.30** FBI
- 03.20** The Gifted
- 04.05** Salvation

## RÚV RÁS EITT

- 06.45** Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50** Morgunvaktin
- 07.00** Fréttir
- 07.30** Fréttayfirlit
- 08.00** Morgunfréttir
- 08.30** Fréttayfirlit
- 09.00** Fréttir
- 09.05** Segðu mér
- 09.45** Morgunleikfimi
- 10.00** Fréttir
- 10.03** Veðurfreginir
- 10.13** Flugur Íslenskt reggae og popp
- 11.00** Fréttir
- 11.03** Mannlegi þátturinn
- 12.00** Fréttir
- 12.02** Hádegisútlit
- 12.20** Hádegisfréttir
- 12.40** Veðurfreginir
- 12.50** Dánarfreginir
- 12.55** Samfélagið
- 14.00** Fréttir
- 14.03** Til allra átta Gamalt þjóðlegt, nýtt þjóðlegt, óþjóðlegt
- 15.00** Fréttir
- 15.03** Í ljósi skáldsögunnar - um Milan Kundera og verk hans
- 16.00** Síðdegisfréttir
- 16.05** Hátalarinn
- 17.00** Fréttir
- 17.03** Lestin
- 18.00** Spegillinn
- 18.30** Útlit Krakka RÚV
- 18.50** Veðurfreginir
- 18.53** Dánarfreginir
- 19.00** Endurómur úr Evrópu
- 20.35** Mannlegi þátturinn
- 21.35** Kvöldsagan. Ór 12. lestur
- 22.00** Fréttir
- 22.05** Veðurfreginir
- 22.10** Passíusálmar
- 22.15** Samfélagið
- 23.05** Lestin
- 00.00** Fréttir
- 00.05** Næturútlit Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

- 12.00** Accepted
- 13.35** Step
- 15.00** Gold
- 17.00** Accepted
- 18.35** Step
- 20.00** Gold
- 22.00** Max Steel
- 23.35** The Duel
- 01.30** At Any Price
- 03.15** Max Steel

## STÖÐ 2

- 07.00** The Simpsons
- 07.25** Friends
- 07.45** The Middle
- 08.10** The Mindy Project
- 08.30** Ellen
- 09.15** Bold and the Beautiful
- 09.35** I Own Australia's Best Home
- 10.25** Great News
- 10.45** Born Different
- 11.10** Óbyggðirnar kalla
- 11.35** Hönnun og lífsstill með Völu Matt
- 12.00** Landnemarnir
- 12.35** Nágrannar
- 13.00** So You Think You Can Dance
- 14.25** So You Think You Can Dance
- 15.50** The Secret Life of a 4 Year Olds
- 16.40** The Big Bang Theory
- 17.00** Bold and the Beautiful
- 17.20** Nágrannar
- 17.45** Ellen
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2
- 18.55** Ísland í dag
- 19.10** Sportpakkinn
- 19.20** Veður
- 20.00** God Friended Me
- 20.45** Manifest
- 21.30** Burðardýr
- 22.05** True Detective
- 23.10** 60 Minutes
- 23.55** Hand i hand
- 00.40** The Little Drummer Girl
- 01.25** Blindspot
- 02.10** Outlander
- 03.05** Batman v Superman. Dawn of Justice

## STÖÐ 3

- 19.05** Modern Family
- 19.30** Silicon Valley
- 20.00** Seinfeld
- 20.25** Friends
- 20.50** Who Do You Think You Are?
- 21.50** Curb Your Enthusiasm
- 22.25** Game Of Thrones
- 23.25** Big Love
- 00.20** Flash
- 01.05** Supernatural
- 01.50** Silicon Valley
- 02.20** Modern Family
- 02.45** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

- 06.55** West Ham - Fulham
- 08.35** Newcastle - Huddersfield
- 10.15** Bournemouth - Wolves
- 11.55** Arsenal - Southampton
- 13.35** Manch. United - Liverpool
- 15.15** Messan
- 16.15** Chelsea - Manchester City
- 17.55** Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur
- 18.20** Premier League Review
- 19.15** Valur - Selfoss Bein útsending
- 21.15** Seinni bylgjan
- 22.45** ÍBV - Afturelding
- 00.15** Nottingham Forest - Derby

## STÖÐ 2 SPORT 2

- 07.30** ÍBV - Afturelding
- 09.00** Breiðablik - Víkingur
- 10.40** Sampdoria - Cagliari
- 12.20** Bologna - Juventus
- 14.00** Evrópudeildarmörkin
- 14.50** Athletic - Eibar
- 16.30** Levante - Real Madrid
- 18.10** Spænsku mörkin
- 18.40** Ítölsku mörkin
- 19.10** Football League Show Bein útsending
- 21.45** Manchester United - Liverpool
- 23.25** Lazio - Udinese

## Lífsbaráttan í náttúrunni

með David Attenborough í kvöld kl. 20

Stórbrotinir dýralífspættir þar sem fjallað er um fimm dýrategundir og lífsbaráttu þeirra. Íslensk talsetning. Á RÚV 2 með ensku tali kl. 22.10.







2990.-



1699.-



2799.-



490.-



1499.-

**OPÍÐ KL. 10 - 21 ÖLL KVÖLD**


# BÓKA MARKAÐURINN

## Laugardalsvelli


22. FEBRÚAR - 10. MARS ÓTRÚLEGT ÚRVAL • ÞÚSUNDIR TITLA



1490.-



990.-




1990.-



990.-



1990.-



2999.-



1290.-



790.-



999.-



999.-





Þær Ágústa Hjaltadóttir og Sóley Jóhannsdóttir féllu fyrir floti fyrir nokkrum árum og bjóða nú upp á flot- og hugleiðsluhelgar í Hveragerði. MYND/SIGTRYGGUR ARI

## „Það er svo mikil slökun fólgin í flotinu“

Þær Ágústa Hjaltadóttir og Sóley Jóhannsdóttir féllu fyrir hinu vinsæla floti fyrir nokkrum árum og bjóða nú upp á gríðarvinsælar flot- og hugleiðsluhelgar í samvinnu við Heilsustofnunina í Hveragerði.

Ágústa er kennari að mennt þó hún hafi starfað í fjármála-geiranum undanfarna tvo áratugi. „Ég stunda núna diplóm-anám á meistarastigi í HÍ í hagnýtri heilsuefningu.“ Ágústa kynntist floti og samfloti árið 2016, féll alveg fyrir þessum nýja lífsstíl og er með diplómu í flotþerapiu. „Ég bjó í Danmörku síðastliðið ár og þar fékk ég tækifæri til að vera með flotviðburði og verkefni því tengd svo það má segja að ég hafi innleitt flotið þar. Í framhaldi ákvað ég að halda því áfram hér á landi.“

Sóley hefur helgað allan sig starfsaldur danskennslu og heilsurækt, hún útskrifaðist úr alhlíða dansnámi í Kaupmannahöfn árið 1977 og starfaði við skólann til ársins 1980. „Árið 1980 opnaði ég Dansskóla Sóleyjar, sem ég rak fram til ársins 1995. Síðustu 10 ár hefur ég starfað við leikfínikennslu og líkamsrækt karla og kvenna og staðið fyrir ýmsum verkefnum því tengdum.“

Ágústa byrjaði eins og fyrr segir að skipuleggja flotviðburði í Kaupmannahöfn og fékk svo góð viðbrögð að hún ákvað að fara á námskeið í flotþerapiu, keypti sér búnað

og ákvað að leggja flotið fyrir sig. „Þegar ég flutti aftur til Íslands ákvað ég að hafa samband við Sóleyju og kanna hvort við gætum gert eitthvað sniðugt saman. Við erum með ólíkan bakgrunn og einhvern veginn var ég viss um að okkar samstarf myndi ganga upp og verða farsælt.“

### Foreldra-parafлот næst á dagskrá

Þær stölluð byrjuðu á að bjóða upp á Kvennastund í Laugaskarði þangað sem 40 konur mættu. „Þar blönduðum við saman útivist, floti og síðan dekri í pottinum með góðu tei og andlitsmaska.“ Ágústa hefur síðan verið með fasta tíma í Varmárlaug á sunnudögum en Varmárlaug býður nú upp á Heita sunnudaga svo laugin er heit og notaleg þegar flotið hefst. Hingað til hefur hún boðið upp á flot- og dekurstundir fyrir konur og hefur það verið afar vinsælt en nú í mars bætist við foreldra-parafлот en þá er boðið upp á barnagæslu og einnig flot fyrir barnshafandi konur.

Þær Ágústa og Sóley eru sammála um að flotið henti öllum þó þær segi konur enn í meirihluta. „Ég held að þeir séu alveg opnir fyrir floti og

hafa verið að mæta einhvers staðar í flot. Ég er hins vegar rétt að fara af stað með flot fyrir karla líka,“ segir Ágústa. „Það er svo mikil slökun fólgin í flotinu,“ segir Sóley; „Það hjálpar við að losa streitu, eykur vöðvaslökun, veitir hugarró og er því bæði næring fyrir sál og líkama. Viðbrögðin hafa verið góð og þátttakendur afskaplega ánægðir.“

### Flot- og hugleiðsluhelgar

Ágústa og Sóley bjóða nú upp á flot- og hugleiðsluhelgar í samvinnu við Heilsustofnunina í Hveragerði og er gist eina nótt á Heilsustofnuninni í einstaklings- eða tveggja manna herbergjum.

„Flott dagskrá er í boði sem byrjar á laugardagsmorgni og stendur fram yfir hádegi á sunnudegi. Dagskráin er vönduð og samanstendur af útivist, flotmeðferð, þar sem við förum ofan í laugina með þátttakendum og gefum þeim dekurudd á meðan þær eru að njóta þess að fljóta, teygjutíma, dansi og djúpslökun.“

Einnig býður Ágústa upp á ilmsánumeðferð sem hún stundaði í Danmörku og segir spennandi viðbót við það menninguna hér á landi.



Ágústa og Sóley standa fyrir vinsælu floti í Varmárlaug.

Starfsfólk Lágafellslaugar hefur farið á námskeið hjá dönskum meistara í ilmsánu og mun bjóða upp fasta tíma í ilmsánumeðferð í haust. „Þessar helgar njótum við svo þess að borða dásamlega matinn sem NLFÍ býður upp á.“ Sóley segir fystu tvö námskeiðin hafa selst upp á

nokkrum dögum en þær ætli að taka eina helgi í viðbót fram á vor. „Í haust höldum við svo áfram á sömu braut en til þess að vera með gæðanám-skeið viljum við takmarka hópinn.“

Flotviðburði Ágústu og Sóleyjar má finna á Facebook undir nafninu Heil og sæl. [bjork@frettabladid.is](mailto:bjork@frettabladid.is)

## Veldu Panodil sem hentar þér!

### Verkjastillandi og hitalækkandi



Panodil filmuhúðaðar töflur, Panodil Zapp filmuhúðaðar töflur, Panodil Junior mixtúra, dreifa, Panodil Hot mixtúruduft, lausn til inntöku, Panodil Brus freyðitöflur. Inniheldur paracetamol. Við vægum verkjum. Hitlækkandi. Til inntöku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).







# Komdu út að hlaupa!

## Kynningarkvöld 25. febrúar kl. 20:30 í verslun 66°Norður, Miðhrauni 11

Sex vikna grunnnámskeið í náttúruhlaupum hefst fimmtudaginn 28. febrúar.  
Getuskiptir hópar sem henta öllum.  
Fagleg kennsla og áhersla á að njóta og læra að hlaupa í náttúrunni.  
Verð: 24.900 kr.

Nánari upplýsingar á [www.natturuhlaup.is](http://www.natturuhlaup.is) og facebook síðunni: Náttúruhlaup.



Grettir hlaupabuxur með endurskini  
Polartec® Power Stretch® Light

Hlaupabuxur úr teygjanlegu efni sem heldur vel við.

12.000 kr.



Staðarfell Neoshell® jakki

Vatnsheldur jakki með frábæra öndunareiginleika.

35.000 kr.



Grettir hálfrendur bolur  
Polartec® Power Dry®

Aðsniðinn langerma bolur sem andar einstaklega vel, léttur og þornar fljótt.

13.000 kr.





## BAKÞANKAR

Láru G.  
Sigurðardóttur



## Ungi maðurinn

Við tókum ekki við snertilausri greiðslu með síma. Veröldin hrundi. Ég var búin að láta mig dreyma um mjólkurkaffi og múffu síðan ég vaknaði snemma um morguninn og dröslaðist á æfingu – í þreytuþokunni hafði ég gleymt greiðslukortinu.

Á meðan ég hugsaði um aðrar leiðir til að nálgast verðlaunin heyrðist í ungum manni sem saup úr nýlögðum kaffibolla: „Ég skal borga fyrir þig.“

Ég þakkaði manninum eins og hann hefði bjargað lífi mínu. Hann sagðist nokkrum sinnum hafa verið í sömu sporum og þá hafi aðrir boðist til að borga fyrir hann. Hann langaði að endurgjalda greiðann – þó svo að ég hefði aldrei hjálpað honum.


Orð hans fengu mig til að hugsa. Ef ég væri í sæti unga mannsins þá hefði ég líklega hugsað: „Æ, mikið er hún óheppin þessi,“ og haldið áfram að sötra kaffið. Ekki út af mannvonsku, heldur hugsunarleysi.

Sem er umhugsunarvert því að rétta fram hjálparhönd gagnast ekki einungis þeim sem er hjálparþurfi. Rannsókn á fólki með kvíða og þunglyndi sýndi að það skipti miklu máli hvort það beindi athyglinni að því að bæta eigin sjálfsmynd eða að hjálpa öðrum. Ef þau fengu sjálfmiðuð verkefni eins og að láta aðra taka eftir sér þá versnuðu kvíða- og þunglyndiseinkenni. Aftur á móti leið þeim betur sem var falið að gera eitthvað fyrir aðra eins og að fara með vin út að borða í hádeginu.

Ég geri mér grein fyrir að kaffihúsadæmið er hreint lúxusvanda-mál (svona eftir á að hyggja) en það má heimfæra á margt annað í lífinu. Eru það kannski þessu litlu hlutir sem skipta mestu máli? Að taka eftir hvert öðru og vera tilbúin að rétta hjálparhönd. Þó svo að maður hafi aldrei hitt viðkomandi áður. Eins og ungi maðurinn á kaffihúsinu.

# ÞAÐ ER MÁLFRELSI!

## Hvers vegna að borga fyrir að tala?



## Núll hjá Nova — Frítt SMS og frítt að hringja!

Núll hjá Nova breytir öllu fyrir þá sem vilja bara tala. Í fyrsta sinn á Íslandi er frítt frítt. Þú sendir SMS og hringir, hvar sem er innan EES án þess að borga svo mikið sem eina krónu. Þú þarft ekki að kaupa neitt til að fá Núll hjá Nova. Þú þarft bara að vera hjá Nova, í hópi áncægðustu viðskiptavina á Íslandi – alveg frítt.

